


**SIGMAR ÖRN ALEXANDERSSON**

*Fór með börnin í bakpokaferð til Marokkó*

• á ferðinni • nám

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**HILMAR VEIGAR PÉTURSSON**

*EVE er leikur ársins á virtri leikjavefsíðu*

Reynsluboltarnir völdu íslenska leikinn

FÓLK 26



**ÓSKAR PÁLL SVEINSSON**

*Fékk árslaun fyrir smáskífu*

Fékk heilræði frá Simon Cowell

FÓLK 26




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

13. janúar 2010 — 10. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**MIÐVIKUDAGUR**



**Skemmtilegt ævintýri**

Brúðubíllinn fagnar 30 ára afmæli.

TÍMAMÓT 16

**Semur við Þjóðverja**

Bedroom Community gerir dreifingarsamning við þýskt fyrirtæki.

FÓLK 26



**Endurvekur gamla stemningu**

KK kallar á gamla vini til tónleikahalds.

FÓLK 21



**Kveðjustund**

Strákarnir okkar spila sinn síðasta heimaleik fyrir EM í kvöld. Mótherjinn er Portúgal.

ÍÞRÓTTIR 22

**VEÐRIÐ Í DAG**




**HVASST SYÐRA** Í dag verða víða austan 5-13 m/s en 13-20 suðvestanlands síðdegis. Rigning einkum suðaustanlands en þurrt og bjart með köflum norðan til. Hiti 2-8 stig en vægt frost norðanlands.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.


# Útsvarstekjur á Vestfjörðum hækkuðu við fall krónunnar

**Níu af tíu sveitarfélögum á Vestfjörðum bættu verulega við sig tekjum af útsvari á síðasta ári samanborið við árið á undan. Meginástæðan er bætt afkoma í sjávarútvegi. Hækkunin var mest í Bolungarvík eða 39 prósent.**

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Útsvarstekjur sveitarfélaga á Vestfjörðum hækkuðu um 15,1 prósent á milli áranna 2008 og 2009. Þetta kemur fram í nýjum tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tekjuaukning sveitarfélaga á landsvísu var 2,6 prósent.

Brúttótekjur sveitarfélaga á Vestfjörðum árið 2008 voru 1.954 milljarðar króna en voru 2.249 milljarðar í fyrra. Níu af tíu sveitarfélögum á Vestfjörðum bættu við sig en Bæjarhreppur var undantekningin á tekjuaukningunni milli ára.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, segir að tekjuaukning sveitarfélaganna skýrist að langmestu leyti með bættri afkomu sjávarútvegsins vegna gengisþróunar krónunnar. Halldór segir að þegar horft er til Vestfjarða í samanburði við landið í heild verði að hafa hugfast að þenslubylgja síðustu ára fór að verulegu leyti fram hjá Vestfjörðum. Samdrátturinn var því ekki mikill við hrunið, þegar á allt er litið. „Við erum búin að vera í gíslingu sterkrar krónu mjög lengi en nú hefur þetta snúist við.“ Þessu til viðbótar koma áhrif hækkunar á útsvarshlutfalli og skatttekjur af útgreiðslu séreignasparnaðar úr lífeyrissjóðum. Halldór segir að þrátt fyrir tekjuaukninguna þurfi sveitarfélögin eftir sem áður að halda verulega aftur af útgjöldum sínum.

**ÚTSVARSTEKJUR Á VESTFJÖRÐUM 08/09**

| Sveitarfélag | 2008 | 2009 |
|---|---|---|
| Árneshreppur | 11,7 | 15,0 |
| Bolungarvík | 248,5 | 345,5 |
| Bæjarhreppur | 19,3 | 17,11 |
| Ísafjarðarbær | 1.098 | 1.216 |
| Kaldrananeshreppur | 28,1 | 33,4 |
| Reykhólahreppur | 58,0 | 65,4 |
| Súðavíkurhreppur | 51,1 | 54,9 |
| Strandabyggð | 117,2 | 132,0 |
| Tálknafjarðarhreppur | 76,6 | 88,6 |
| Vesturbyggð | 245 | 281 |

Mikilvægi sjávarútvegsins í þessari mynd sést greinilega þegar afkoma sveitarfélaga eins og Borgarbyggðar og Fljótsdalshéraðs er skoðuð. Útsvarstekjur beggja sveitarfélaganna dragast saman á tímabilinu. Lifibrauð þeirra hefur ekki síst verið umsvif verktakafyrirtækja sem hafa mörg hver fengið þungan skell.

Eins og áður sagði var tekjuaukning Bolungarvíkurkaupstaðar 39 prósent. Tekjurnar voru 248 milljónir króna árið 2008 en voru 345 milljónir í fyrra. Elías Jónatansson bæjarstjóri gerði þessa niðurstöðu að umtalsefni í stefnuræðu sinni með fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2010 og segir aukninguna skýrast af þrennu. Auknum umsvifum í sjávarútvegi, en afli sem landað var í Bolungarvíkurhöfn var um fimmtán prósent meiri en árið áður. Eins stafi aukningin af umsvifum við jarðgöng og snjóflóðavarnir, auk þess sem lagt var á tíu prósenta álag á útsvar í Bolungarvík.

**- shá**



**HEIMSÓKN Í SKÓLA** Íslensku forsetahjónunum var vel tekið í gær þegar þau heimsóttu börn sem njóta kennslu í skóla á hjólum í einu fátækrahverfa Mumbai. Þar er lögð áhersla á tölvunám og samfélagsgreinar. MYND/SKRIFSTOFA FORSETA ÍSLANDS

Forsetahjónin í Mumbai:

## Dorrit sextug í Indlandsferð

**FÓLK** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hóf í gær opinbera heimsókn á Indlandi. Heimsóknin byrjaði í Mumbai en forsetinn fer einnig til Nýju-Delí og Bangalore.

Auk annarra er forsetafrúin, Dorrit Moussaieff, í föruneyti forsetans. Hún varð sextug í gær. Forsetahjónin heimsóttu meðal annars skóla á hjólum í einu fátækrahverfa Mumbai. Eftir málþing um verkefni á sviði tækni, orku og viðskipta sem íslenskir og indverskir aðilar vinna nú að voru undirritaðir samningar milli íslenskra og indverskra jarðhita- og orkufyrirtækja. Heimsótt var endurhæfingarstöð þar sem fyrirtækið Össur kynnti framleiðsluvörur sínar. Í gærkvöld hélt ríkisstjóri Maharastra-fylkis hátíðarkvöldverð til heiðurs forseta Íslands.

**- gar**

Nýjar viðnámsmælingar Orkustofnunar á háhitasvæðinu á Reykjanesi:

## Mæla afköst undir nýtingaráformum

**ORKUMÁL** Orkustofnun hefur til meðferðar umsókn HS Orku um leyfi til að auka raforkuframleiðslu í Reykjanesvirkjun um allt að 85 megavött til viðbótar við þau 100 megavött sem búið er að virkja á svæðinu.

Miðað við nýjar viðnámsmælingar Orkustofnunar er nýtanlegt afl háhitasvæðisins á Reykjanesi 81 megavatt, miðað við fimmtíu ára nýtingartíma.

Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku, segir að þessar viðnámsmælingar skipti ekki sköpum. Viðnámsmælingar nýtist vel til að meta afkastagetu svæða, þar sem engin orkuvinnsla er hafin.

Betri upplýsingar liggi fyrir á svæðum þar sem vinnsla er hafin. HS Orka hyggst svara ýmsum fyrirspurnum Orkustofnunar vegna umsóknarinnar um mánaðamót.

**-pg /** **sjá síðu 6**






Útspil íslenskra hönnuða:

## Bæta ímyndina með nýrri hátíð

**TÍSKA Margir af fremstu hönnuðum Íslands hafa stofnað Reykjavik Fashion Festival ásamt einstaklingum sem starfa á sviði tónlistar. Reykjavik Fashion Festival fer fram dagana 19. til 20. mars.**

**Ingibjörg Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, segir mikilvægt að byggja upp ímynd íslenskrar hönnunar eftir Iceland Fashion Week, sem mörgum þótti klúður. „Hópurinn hefur verið að vinna að þessu síðan í september og það hefur verið mikið að gera hjá okkur síðan þá,“ segir Ingibjörg.**

**- sm /** **sjá síðu 20**

## SPURNING DAGSINS



*Steinþór, er Borgin að borga sig?*

„Já, eða að minnsta kosti fyrir einum borgara í hádeginu.“

Hið tæplega ársgamla útgáfufyrirtæki Borgin seldi 35 þúsund plötur fyrir jól. Steinþór Helgi Arnsteinsson er einn eigenda Borgarinnar.

Yfir fjörutíu ríkisstarfsmenn hafa ekki lækkað í launum þrátt fyrir lagasetningu:

# Ríkisforstjórar vefjast fyrir kjararáði

**STJÓRNSÝSLA** Kjararáð hefur enn ekki lækkað laun þeirra starfsmanna ríkisins sem eru á hærri launum en forsætisráðherra, eins og kveðið er á um í lögum sem sett voru síðasta sumar. Á fimmta tug starfsmanna mun lækka í launum segir Guðrún Zoëga, formaður kjararáðs.

Ákvörðun um launalækkun telst íþyngjandi ákvörðun samkvæmt stjórnsýslulögum, og því skylt að veita þeim sem lögin hafa áhrif á andmælarétt, segir Sigrún. Hún reiknar með að einhverjar vikur til viðbótar taki að lækka launin.

Samkvæmt lögunum má enginn starfsmaður ríkisins eða ríkisfyrirtækis, utan við forseta Íslands, vera á hærri launum en forsætisráðherra. Laun forsætisráðherra eru nú um 935 þúsund krónur.



**LAUNAÞAK** Engir ríkisstarfsmenn, utan forseta Íslands, eiga að hafa hærri laun en Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra samkvæmt lögum sem sett voru í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Spurð hversu margir starfsmenn muni lækka í launum segir Sigrún að í fyrstu verði laun ríflega tuttugu starfsmanna lækkuð. Væntanlega verði svo annar eins fjöldi í síðari lotunni, þegar fjallað verði um dótturfélög ríkisfyrirtækja. Fjöldinn verður því samanlagt eitthvað á fimmta tuginn.

Lögin voru sett síðastliðið sumar, en launum hefur enn ekki verið breytt. Spurð hverju það sæti segir Guðrún málið snúið, og ýmis álitaefni sem taka þurfi á. Um töluvert marga einstaklinga sé að ræða, og stefnt að því að úrskurða um allan hópinn í einu. **- bj**

Skotárás í Atlanta:

## Tveir látnir og þrír særðir

**BANDARÍKIN Tveir menn létust og þrír særðust þegar vopnaður maður hóf skotárás í gær í skrifstofubyggingu í úthverfi Atlanta í Bandaríkjunum.**

**Byssumaðurinn flúði á pallbíl, en var handtekinn stuttu síðar. Hann var klæddur felubúningi að hætti hermanna.**

**Bandarískir fréttamiðlar skýrðu frá þessu í gærkvöld.**

**Maðurinn var fyrrverandi starfsmaður á bílaleigunni sem hann réðist á. Fjórir þeirra, sem urðu fyrir skotum hans, voru starfsmenn bílaleigunnar, en sá fimmti var viðskiptavinur.** **- gb**

Atvinnuleysi í nýjum hæðum:

## Fjörutíu á dag missa vinnuna

**VINNUMARKAÐUR Vinnumálastofnun áætlar að hátt í fjörutíu manns bætist á atvinnuleysisskrá á hverjum degi út janúar. Þetta sagði forstöðumaður vinnumálasviðs Vinnumálastofnunar á Bylgjunni í gær.**

**Frá áramótum hafa 300 manns skráð sig atvinnulausa. Nú eru um sextán þúsund manns á atvinnuleysisskrá og atvinnuleysi mælist 8,1 prósent. Mest var það 9,1 prósent í apríl í fyrra. Þá voru tæplega sautján þúsund manns skráðir án atvinnu. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysið nái áður óþekktum hæðum á næstu mánuðum og verði um eða yfir tíu prósent.** **- sh**

# Íslensk samstaða er forsenda viðræðna

**Ekki kemur til nýrra samningaviðræðna um Icesave nema full eining ríki milli stjórnmálaflokkanna á Íslandi. Bretar og Hollendingar vilja tryggingu fyrir að nýir samningar haldi. Þeim er bent á mikla óvissu felli þjóðin lögin úr gildi.**

**STJÓRNMÁL** Forsenda þess að Bretar og Hollendingar hefji viðræður við Íslendinga um nýja Icesave-samninga er að full samstaða takist með íslensku stjórnmálaöflunum. Í slíkri samstöðu myndi felast trygging fyrir að nýir samningar myndu halda. Um leið þurfa, að mati Breta og Hollendinga, að liggja fyrir skýr samningsmarkmið af hálfu Íslands.

Íslenskum stjórnmála- og embættismönnum, sem átt hafa í samskiptum við starfsbræður sína í Bretlandi og Hollandi, hefur verið gert þetta ljóst.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa þau samskipti verið stöðug síðustu daga. Upplýsingum er miðlað á báða bóga og þreifað á viðmælendum en engar formlegar yfirlýsingar verið gefnar. Þá hefur Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hitt að máli sendiherra nokkurra Evrópuríkja á Íslandi.

Bretar og Hollendingar eru varfærnir enda forðast þeir íhlutun í íslensk innanríkismál. Þeim er bent á að mikil óvissa kunni að skapast um lyktir Icesave felli íslenska þjóðin lögin þar um í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í krafti þess er reynt að fá þá að samningaborðinu að nýju.

Lagt er upp með að nýjar viðræður yrðu frábrugðnar hinum fyrri að því leytinu til að sáttasemjari yrði fenginn til að stýra þeim.

Bretar og Hollendingar hafa sagt að eigi að koma til nýrra viðræðna þurfi Íslendingar að óska eftir þeim með formlegum hætti.



**ODDVITARNIR** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hafa átt í stöðugum samskiptum við erlenda ráðamenn síðustu daga. Myndin er frá fundi þeirra með blaðamönnum daginn sem forsetinn tilkynnti um ákvörðun sína um Icesave. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þeir muni ekki biðja um viðræður að fyrra bragði.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra ræddi á mánudag, auk fjármála- og utanríkisráðherra, við forystumenn stjórnarandstöðunnar. Þar var sammælst um að reyna að koma málinu í sáttafarveg. Eftir fundinn sagði Jóhanna Breta og Hollendinga hafa lýst skilningi á stöðunni hér þótt þeir hafi um leið lýst vonbrigðum með hana.

Auk þess að reyna að finna flöt á nýjum viðræðum við Breta og Hollendinga hafa íslensk yfirvöld átt í samskiptum við Norðurlöndin vegna lánamála. Samningar um lánveitingar fóru í salt í framhaldi af ákvörðun forseta Íslands í síðustu viku.

Eftir því sem næst verður komist hefur ekkert nýtt gerst á þeim vettvangi en áfram er reynt að þoka málum.

bjorn@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

Utanríkisráðherra Rússlands:

## Styttist í nýjan vopnasamning

**RÚSSLAND, AP** Sergei Lavrov, utanríkismálaráðherra Rússlands, segir að nýr kjarnorkuafvopnunarsamningur Bandaríkjanna og Rússlands verði líklega að veruleika síðar í mánuðinum.



SERGEI LAVROV

„Við vonum að þetta verði einhvern tímann í seinni hluta janúarmánaðar,“ sagði Lavrov í Moskvu í gær.

Samningurinn á að koma í staðinn fyrir START-samninginn frá 1991, sem rann út í byrjun desember. Rússar og Bandaríkjamenn höfðu stefnt að því að ná nýjum samningi fyrir árslok, en það tókst ekki. **- gb**

Kirkjan semur við kvenprest:

## Játar brot við skipan prests

**ÞJÓÐKIRKJAN** Náðst hefur sátt í máli séra Guðbjargar Jóhannesdóttur og Biskupsstofu að því er kemur fram á heimasíðu Þjóðkirkjunnar. Séra Guðbjörg vísaði til kærunefndar jafnréttismála máli vegna stöðuveitingar prests í Garðaprestakalli frá 1. september í haust.



SÉRA GUÐBJÖRG JÓHANNESDÓTTIR

Guðbjörg var ein umsækjenda en séra Hans Guðberg Alfreðsson var skipaður. „Biskupsstofa telur að við skipun í embættið hafi verið brotið gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og að litið hafi verið fram hjá umframhæfi sr. Guðbjargar. Með sátt er málinu lokið af hálfu beggja aðila,“ segir á kirkjan.is. **- gar**

### TÍBET

**Kínverjar leggja flugvöll**

Kínverjar ætla að opna nýjan flugvöll í Tíbet árið 2011 í rúmlega 4.400 metra hæð. Þetta verður sá flugvöllur í heiminum sem hæst stendur. Gagnrýnendur óttast að aukin umferð til héraðsins flýti fyrir eyðileggingu tíbetskrar menningar.

### AFGANISTAN

**Ópíumrækt ræður úrslitum**

Tom Wilsnack, landbúnaðarráðherra Bandaríkjanna, segir útkomu stríðsins í Afganistan ráðast af því hvort takast megi að fá afganska bændur til að hætta ræktun ópíumvalmúa. Bandaríkjamenn ætla að verja 20 milljónum dala í þetta verkefni.

### SPÁNN

**Sextán ára transgender**

Sextán ára piltur hefur undirgengist kynskiptiaðgerð á Spáni, fyrstur Spánverja undir lögaldri sem fer í slíka aðgerð.


Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Súr Hvalur

Hrogn, lifur og kúttmagi

Gellur og kinnar
nýjar og saltaðar

OPNUM KL 8.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


Hér á landi er vitað til þess að fólk hafi keypt og notað MMS:

# Varað við lífshættulegu efni

**HEILSA** Kraftaverkaefni sem Landlæknisembættið hefur varað við hefur verið selt í Heilsubúðinni Góð heilsa gulli betri við Njálsgötu. Efnið nefnist MMS, Miracle Mineral Solution/Supplement. Eitrunarmiðstöð Landspítalans segir efnið geta valdið alvarlegum veikindum og jafnvel dauða.

Viktoría Áskelsdóttir, verslunarstjóri Heilsubúðarinnar, segist hafa tekið MMS úr sölu meðan Heilbrigðiseftirlitið kannar málið. Hún áréttar um leið að MMS hafi verið notað með góðum árangri sé það rétt blandað. Þá verði ekki til natríum klórít sem eitrunarmiðstöð Landspítalans vari við.

Samkvæmt upplýsingum úr heilsuvöruverslunum Heilsuhúsinu, Manni lifandi og Yggdrasil hefur efnið ekki verið í sölu hjá þeim.

„Ég hef haft þá reglu að setja ekkert í sölu sem ég er ekki tilbúin að prófa á sjálfri mér,“ segir Benedikta Jónsdóttir, heilsuráðgjafi í Manni lifandi.

Í tilkynningu landlæknis kemur fram að MMS-vökvinn innihaldi 28 prósent natríum klórít og sagt ætlað að lækna sjúkdóma allt frá alnæmi til berkla. Engin vísindaleg gögn styðji þó notkun við sjúkdómum.



VIKTORÍA ÁSKELSDÓTTIR



BENEDIKTA JÓNSDÓTTIR

„Natríum klórít er eitur sem valdið getur metrauðablæði, skemmdum á rauðum blóðkornum og nýrnabilun,“ segir í tilkynningunni og er eindregið varað við notkun efnisins. „Mikilvægt er að tilfelli þar sem grunur leikur á eitrun af völdum MMS séu tilkynnt til yfirvalda.“ **- óká**

# 7



# ára ábyrgð

KIA hefur notið mikillar velgengni á síðustu árum. Framleiðendur KIA eru svo vissir um ágæti bifreiða sinna að þeir bjóða nú, fyrstir bílaframleiðenda í heiminum, **7 ára ábyrgð** á öllum nýjum KIA bílum í Evrópu. Þessi staðreynd endurspeglar vandaða framleiðslu, áreiðanleika og gæði.

**Komdu í sýningarsal okkar og láttu KIA koma þér á óvart.**

KIA

KIA MOTORS

*The Power to Surprise*™

KIA á Íslandi • Krókhálsi 11 • 110 Reykjavík • Sími 590 5700 • www.kia.is

## GENGIÐ 12.01.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,79 | 124,39 |
| Sterlingspund | 199,9 | 200,88 |
| Evra | 179,5 | 180,5 |
| Dönsk króna | 24,119 | 24,261 |
| Norsk króna | 21,98 | 22,11 |
| Sænsk króna | 17,555 | 17,657 |
| Japanskt jen | 1,3499 | 1,3577 |
| SDR | 194,65 | 195,81 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,7511

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gæsluvarðhald yfir Catalinu Mikue Ncogo framlengt um fjórar vikur:

# Kaupendur eiga ákæru í vændum

**DÓMSMÁL** Á annan tug meintra kaupenda vændisþjónustu á vegum Catalinu Mikue Ncogo á yfir höfði sér ákæru, þar sem slík kaup eru brot á ákvæði almennra hegningarlaga. Í ákvæðinu segir að hver sem greiði eða heiti greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Gæsluvarðhald yfir Catalinu var í gær framlengt í Héraðsdómi Reykjaness til 9. febrúar til að koma í veg fyrir áframhaldandi brotastarfsemi hennar. Hún er grunuð um aðild að mansali og að hafa haft milligöngu um vændi.

Lögregla hefur verið að tína hina meintu vændiskaupendur inn til yfirheyrslu að undanförnu. Fyrstu málin verða send til ákæruvaldsins í næstu viku, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Kaupendurnir greiddu um tuttugu þúsund krónur fyrir þjónustuna í hvert skipti.

Catalina og samstarfskona hennar, sem er um tvítugt, voru handteknar fimmtudaginn 3. desember. Samstarfskonan hefur verið látin laus.

Rannsókn á máli Catalinu miðar ágætlega og er farið að síga á síðari hluta hennar, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. **- jss**



**FYRIR DÓMI** Catalina var leidd fyrir dómara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forseti Palestínustjórnar:

# Gefur lítið fyrir nýjar viðræður

**PALESTÍNA, AP Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, gefur lítið fyrir tilraunir Bandaríkjamanna þessa dagana til að hleypa nýju lífi í friðarviðræður milli Ísraela og Palestínumanna.**

**„Við munum ekki fallast á að hefja viðræður á ný nema landtökur verði frystar algerlega, einkum í Jerúsalem, í ákveðinn tíma,“ sagði Abbas í gær.**

**Ísraelar hafa fallist á að hætta landtökuverkefnum í tíu mánuði, en aðeins á Vesturbakkanum. Framkvæmdum landtökumanna í Ísrael verði haldið áfram.** **- gb**

Breska fjármálaráðuneytið:

# Vísar frétt um Icesave á bug

**FJÁRMÁL** Breska fjármálaráðuneytið vísaði í gær á bug fullyrðingum fréttamiðilisins Citywire um að sá hluti innstæðna viðskiptavina Icesave sem Íslendingar greiði ekki fáist að fullu frá eignum þrotabús Landsbankans.



**ALISTAIR DARLING**

Í frétt Citywire var haft eftir ónefndum heimildarmanni innan fjármálaráðuneytis Alistairs Darling að ráðuneytið gerði ráð fyrir að fá yfir 500 milljónir punda, jafnvirði 100 milljarða króna, úr þrotabúi Landsbankans. Það sé sú upphæð sem breska ríkisstjórnin hafi greitt til að brúa það sem á vantaði – miðað við 50 þúsund punda tryggingarþak á hvern reikning – til að endurgreiða Icesave-viðskiptavinum að fullu. **- gar**

## LEIÐRÉTTING

Niðurstaða liggur ekki fyrir í viðræðum ríkisins og Reykjavíkurborgar um að fá hús Miðbæjarskólans í Reykjavík undir starfsemi Kvennaskólans. Orðið „ekki“ féll niður úr setningunni í frétt blaðsins í gær en eins og fram kom í sömu málsgrein er óljóst hvort samningar munu takast áður en skólastarf hefst næsta haust.

Mistök urðu við myndskreytingu greinarinnar Tækifærið er núna! eftir Vilmund Jósefsson, Tómas Má Sigurðsson og Helga Magnússon sem birtist í Fréttablaðinu á mánudag. Mynd af Vilmundi vantaði með greininni og var röng mynd birt í hennar stað. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

# Segir kyrrsetningu á eigum Baldurs óvægna og óþarfa

**Lögmaður Baldurs Guðlaugssonar segir kyrrsetningu eigna hans ólögmæta og krefst þess að henni verði aflétt. Meint háttsemi Baldurs gefur tilefni til að ætla að hann reyni að koma fé sínu undan, segir saksóknari.**

**DÓMSMÁL** Kyrrsetning eigna Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, er fordæmalaus aðgerð, óvægin og óþörf. Þetta sagði lögmaður hans fyrir dómi í gær þegar hann fór fram á það að kyrrsetningunni yrði aflétt.

Sérstakur saksóknari fór í nóvember fram á að eignir Baldurs yrðu kyrrsettar, eftir að Fjármálaeftirlitið hafði vísað rannsókn á meintum innherjasvikum hans til embættisins í sumar.

Sýslumaðurinn í Reykjavík samþykkti beiðnina og kyrrsetti 193 milljónir króna á tveimur bankareikningum Baldurs hjá Nýja Kaupþingi. Upphæðin jafngildir því fé sem Baldur fékk fyrir hlutabréf sín í Landsbankanum þegar hann seldi þau rétt fyrir bankahrun í fyrrahaust, auk mögulegs sakarkostnaðar.

Aðalmeðferð vegna kröfunnar um að kyrrsetningin verði felld úr gildi fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Arnar Þór Stefánsson, lögmaður Baldurs, færði þau rök fyrir máli sínu að kyrrsetningin stæðist ekki lög og því bæri að aflétta henni. Samkvæmt sakamálalögum þyrfti minnst eitt þriggja skilyrða að vera uppfyllt til að kyrrsetja mætti eignir; að hætta sé á að þeim yrði ella skotið undan, að þær glötuðust eða að þær rýrnuðu verulega.

Arnar sagði ekkert af þessu eiga við í tilviki Baldurs. Engar vísbendingar væru um að Baldur myndi skjóta eignunum undan.



**SAGÐI EKKI FRÁ** Í þrjá mánuði þagði Baldur um það á opinberum vinnustað sínum að hann sætti lögreglurannsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann ætti enga erlenda bankareikninga, ætti aðrar eignir til að ganga í og að engar hreyfingar hefðu verið á þessum reikningum hans í nokkurn tíma fram að kyrrsetningunni. Ekki væri hætta á að eignirnar rýrnuðu, enda lægju þær á öruggum bankareikningum.

Björn Þorvaldsson saksóknari benti á að þetta ákvæði sakamálalaganna ætti bara við rannsóknaraðgerðir lögreglu. Kyrrsetningin væri hins vegar ekki rannsóknaraðgerð lögreglu, heldur úrskurður sýslumanns og því bæri að vísa málinu frá.

Yrði ekki fallist á það fór hann fram á að kröfu Baldurs yrði hafnað, enda væri kyrrsetningin fyllilega réttmæt. Benti hann á að Baldur væri grunaður um að hafa komið undan gríðarlegum fjárhæðum, 193 milljónum, með refsiverðum hætti. Standist það hafi hann þar með sýnt af sér háttsemi sem gefi tilefni til að ætla að hann myndi freista þess að koma fénu undan. Auk þess væri kyrrsetning eitt vægasta úrræði sem í boði væri.

Dómari hefur þegar hafnað kröfu Baldurs um að rannsókninni á hendur honum verði hætt. Sá úrskurður hefur verið kærður til Hæstaréttar. **stigur@frettabladid.is**

## LEYNDI RÁÐHERRA STÖÐUNNI Í 3 MÁNUÐI

Baldri Guðlaugssyni var tilkynnt með bréfi sem sent var 9. júlí að rannsókn á máli hans hefði verið tekin upp að nýju hjá Fjármálaeftirlitinu og jafnframt að það hefði verið sent sérstökum saksóknara. Þetta kemur fram vikugömlum í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem því er hafnað að rannsókn málsins skuli hætt.

Baldur hafði þá til skamms tíma gegnt stöðu ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu. Hvorki Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra né aðrir embættismenn í ráðuneytinu vissu hins vegar af hinni nýju rannsókn fyrr en rúmum þremur mánuðum síðar, eða um miðjan október. Heimildir Fréttablaðsins herma að þá hafi staðan komið starfsfólki ráðuneytisins í opna skjöldu.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

„Það er rétt að hann greindi mér fyrst frá þessu þriðjudaginn 13. október, fjórum dögum áður en að RÚV flutti frétt um málið,“ segir Katrín, sem vill þó ekki tjá sig um það hvað henni finnst um að hafa ekki fengið að heyra af málinu fyrr.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**ÞURRT OG BJART NORÐAN TIL**

Næstu dagar munu einkennast af blautu og mildu veðri um sunnanvert landið en norðanlands verður flott veður, yfirleitt þurrt, hægur vindur og hitinn í kringum frostmark.



**Á MORGUN**
Strekkingur við V- og A-ströndina, annars hægari.

**FÖSTUDAGUR**
Víða 5-10 m/s en hvassara SV-lands.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 2° |
| Berlín | -2° |
| Billund | 2° |
| Eindhoven | 3° |
| Frankfurt | 0° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 1° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 4° |
| Orlando | 16° |
| Ósló | -1° |
| París | 5° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*


RISA
ÚTSALA
REKKJUNNAR
30-70%
AFSLÁTTUR!
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
35%
AFSLÁTTUR
ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.
NÚ FRÁ 99.712 kr.
SÆNGURFÖT
30%
AFSLÁTTUR
Verð nú frá
4.830 kr.
SVEFNSÓFAR
30%
AFSLÁTTUR
Verð nú frá
104.860 kr.
HEILSUKODDAR
30%
AFSLÁTTUR
Verð nú frá
5.915 kr.
ATH! Myndirnar eru aðeins til hliðsjónar og eiga ekki endilega við tilboðin sem gefin eru upp.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16
Argh! 09012010

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú að stjórn og stjórnarandstaða nái saman í Icesave-málinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 33,4 |
| Nei | 66,6 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Borgar þú öðrum fyrir að farga þínu jólatré?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Loðnustofninn mælist ekki nægilega stór til að gefinn sé út upphafskvóti:

# Engar veiðar að svo stöddu

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnun leggur til að loðnuveiðar verði ekki hafnar að svo stöddu þar sem ekki mælist nægjanlegt magn til að gefa út upphafskvóta.

Janúarmælingu Hafrannsóknastofnunar á loðnustofninum lauk á mánudag en skip stofnunarinnar hafa verið við loðnumælingar frá 5. janúar.

Aðstæður til mælinga hafa verið góðar frá því að skipin fóru frá Reykjavík, að undanskildu því að hafís hamlaði leit á töluvert stóru svæði vestur og norður af Vestfjörðum, sem kann að hafa haft áhrif á niðurstöður. Útreikningar sýna að alls mældust 360 þúsund tonn af loðnu, þar af mældist hrygningarstofninn um 355 þúsund tonn. Út af Austfjörðum mældust 180 þúsund tonn, allt hrygningarloðna. Út af Norðausturlandi mældust tæp 120 þúsund tonn, mest hrygningarloðna. Út af vestanverðu Norðurlandi mældust 61 þúsund tonn, þar af 56 þúsund tonn af hrygningarloðnu.

Aflaregla við loðnuveiðar byggir á að skilja 400 þúsund tonn eftir til hrygningar. Ofangreindar mælingar á stærð hrygningarstofnsins eru undir því magni.

Rannsóknaskipið Árni Friðriksson verður áfram við athuganir og mælingar á loðnustofninum ásamt leitarskipi sem væntanlegt var á miðin út af Norðurlandi í gær, miðvikudag. **- shá**



**SUÐUREY VE** Hér kemur Suðurey inn til löndunar í Vestmannaeyjum á loðnuvertíðinni 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Matvælastofnun:

# Varað við sojadrykk með joði

**HEILBRIGÐISMÁL** Matvælastofnun hefur borist tilkynning frá Viðvörunarkerfi Evrópu fyrir matvæli og fóður þar sem varað er við japönskum sojadrykk, Bonsoy soy milk, sem inniheldur alltof mikið af joði. Ástæða joðmagnsins er sú að drykkurinn inniheldur þara sem nefnist kombu.

Drykkurinn er seldur í netverslunum svo hugsanlegt er að hann hafi verið fluttur til landsins. Hann hefur til að mynda verið í dreifingu í Danmörku og á Bretlandi. Í Ástralíu veiktust tíu manns af völdum drykkjarins. Joð í miklu magni hefur áhrif á skjaldkirtilinn og þar með á hormóna. **- jss**

Útgerðir og fiskvinnslur:

# Gefa þrettán tonn af fiski til bágstaddra

**FÉLAGSMÁL Útgerðir og fiskvinnslur á Íslandi í samstarfi við SM Kvótaþing og Eimskip gefa Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands þrettán tonn af fiski. Það jafngildir 52 þúsund matarskömmtum að því er segir í tilkynningu. Að auki gaf Eimskip Mæðrastyrksnefnd 1.750 þúsund krónur sem söfnuðust í skötuveislu fyrirtækisins.**

**Leitað var fyrir jólin til útgerðarfyrirtækja og fiskverkenda og annarra fyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi til að safna fiski fyrir Íslendinga í fjárhagsvanda. Auk fisksins fengust 700 flöskur af lýsi.** **- gar**

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR**

### Talsmaður í framboð

Gísli Tryggvason, sem starfar sem talsmaður neytenda, býður sig fram til að taka 1. sæti lista Framsóknarflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningar í Kópavogi í maí. „Kosningar í vor fela í sér tækifæri til umbóta, bættra stjórnarhátta og heilbrigðari stjórnmála í þágu allra Kópavogsbúa – eins og ég vil gjarnan stuðla að," segir í tilkynningu frá Gísla.

### Séra Bjarni í prófkjör

Séra Bjarni Karlsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju, sækist eftir 4. sæti á lista Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. „Nú varðar öllu að við hugsum tíu, tuttugu, þrjátíu ár fram í tímann og einsetjum okkur að missa ekki sjónar hvert af öðru heldur viðurkennum að við tilheyrum einum stórum samfélagsvef þar sem hver er öðrum háður," segir í tilkynningu frá Bjarna.



**REYKJANESVIRKJUN** Raforkuframleiðsla hófst á háhitasvæðinu á Reykjanesi árið 2006 með tveimur vélum sem framleiða 50 megavött hvor. Lögð hefur verið fram umsókn um að framleiða allt að 85 megavött til viðbótar á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mæla nýtanlegt afl á Reykjanesi 81 MW

**Viðnámsmælingar Orkustofnunar benda til að miðað við 50 ára nýtingu afkasti háhitasvæðið á Reykjanesi 81 MW. Okkar sérfræðingar ósammála þessu mati, segir forstjóri HS Orku. Aðferð sem hentar best við mat á óröskuðum svæðum.**

**JARÐHITI** Samkvæmt viðnámsmælingum, sem greint er frá í nýrri skýrslu Orkustofnunar, er nýtanlegt rafafl háhitasvæðisins á Reykjanesi í mesta lagi 81 megavatt, miðað við 50 ára nýtingartíma. Nú þegar eru framleidd 100 megavött í Reykjanesvirkjun. Orkustofnun hefur til meðferðar umsókn um virkjanaleyfi fyrir allt að 85 MW stækkun til viðbótar til að knýja álver í Helguvík.

„Við erum einfaldlega ekki sammála því mati sem þarna kemur fram. Ef þeir trúa þessu er virkjanaleyfið gagnslaust," sagði Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku, í samtali við Fréttablaðið. „Það er ekki til orka til þess að knýja vélarnar ef þetta er það sem menn fallast á að sé rétt og satt."

„Við ætlum að bæta við 50 megavöttum og okkar sérfræðingar frá ÍSOR, Vatnaskilum og Mannviti og fleiri telja að það sé hægt án teljandi áhættu," segir hann. HS Orka stefni að því að veita Orkustofnun umbeðnar upplýsingar um ýmis atriði sem snerta virkjanaleyfið fyrir mánaðamót.

Hann segist telja að þessar mælingar skipti ekki sköpum, viðnámsmælingar nýtist aðallega til að leggja mat á svæði þar sem engin orkuvinnsla er hafin. Sérfræðingar Orkustofnunar vildu ekki ræða þessi mál í fjölmiðlum.

Jarðvísindamaður, sem Fréttablaðið ræddi við í gær, lagði áherslu á að viðnámsmælingar sé ekki hægt að leggja einar til grundvallar við mat á ágengni nýtingar. Þær nýtist best til að gefa hugmynd um nýtingarmöguleika á óröskuðum svæðum. Eftir að nýting hefst fáist fyrst upplýsingar um ýmis önnur atriði, sem geta haft áhrif á mat á mögulegri hámarksnýtingu. Varðandi Reykjanes þurfi ásamt öðru að taka tillit til þess að nálægð við sjó eykur leiðni og nýtingarmöguleika vökvans sem þar er dælt upp.

Raforkuvinnsla í Reykjanesvirkjun hófst árið 2006. 100 MW eru framleidd úr tveimur 50 MW vélum. Árið 2006 bentu nýjustu viðnámsmælingar, frá 1985, til þess að háhitasvæðið væri tveir ferkílómetrar að flatarmáli og nýtanlegt afl svæðisins á 50 árum væri 28 megavött. Hið nýja mat Orkustofnunar gefur til kynna að svæðið sé níu ferkílómetrar. Nýtanlegt afl sé að lágmarki 27 megavött en að hámarki 81 megavatt. Miðgildi nýtanlegs afls til fimmtíu ára sé 45 megavött.

**peturg@frettabladid.is**

Lífeyrissjóðirnir komnir á sömu slóðir og fyrir hrun efnahagslífsins:

# Staðan óbreytt frá í fyrra

**EFNAHAGSMÁL** Heildareignir lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris námu 1.763 milljörðum króna í lok nóvember, samkvæmt upplýsingum Seðlabankans. Þetta jafngildir eins prósents hækkun á milli mánaða.

Eignir lífeyrissjóðanna drógust saman um tólf prósent á milli mánaða eftir þrot bankanna í október í fyrra en þá hurfu 217 milljarðar króna úr bókum þeirra. Í lok september áttu lífeyrissjóðirnir innlend hlutabréf og í hlutabréfasjóðum fyrir 150,7 milljarða króna, sem jafngilti um níu prósentum af heildareignum. Innlendar hlutafjárstöður hrundu niður í 41,6 milljarða mánuði síðar. Greining Íslandsbanka bendir á í gær að staða innlendra hlutabréfa sé enn sáralítil, eða rétt rúm tvö prósent af heildareignum. Tapið hefur þó gengið að mestu til baka síðan í hruninu og hefur heildareign sjóðanna aðeins lækkað um 7,9 milljarða, eða 0,48 prósent, frá lokum september í hittifyrra.

Þá er bent á að eignir lífeyrissjóðanna hafi aukist um 140 milljarða króna frá í nóvember 2008, eða um 8,6 prósent að nafnvirði. Mestu muni um að innlend verðbréfaeign lífeyrissjóðanna jókst um 21,5 milljarða á árinu og erlend verðbréfaeign um 3,1 milljarð. Á móti hafi sjóðir og innstæður í bönkum lækkað um 6,5 milljarða.

Að teknu tilliti til verðbólgu sé staðan hins vegar óbreytt á milli ára. **- jab**

**Eignir lífeyrissjóðanna**

**Hrein eign lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris frá nóvember 2007 til nóvember 2009**




HEIMILD: SEÐLABANKI ÍSLANDS

Lokað í dag

ÚTSALAN

hefst á morgun

karlmenn

Laugavegi 7 • sími 5513033

MILLJÓNIR BEINT Í VASANN




Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni.



# Safnaðu þekkingu

## Sæktu þér aukinn styrk

### MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Hrafnkels saga Freysgoða, Vopnfirðinga saga og tvær Austfirðinga sögur
Miðvikudagsmorgnar hefst 27. janúar
Fimmtudagskvöld hefst 28. janúar

Stórskáld á umbrotatímum: William Shakespeare og verk hans
hefst 2. febrúar

Samtalslist Matthíasar Johannessen: Vinnubrögð og aðferðir samtalsritara
hefst 8. febrúar

Kínversk heimspeki
hefst 9. febrúar

Sjálfsstyrkur fyrir konur og karla
hefst 15. febrúar

Handspiluð heimstónlist
hefst 15. febrúar

Englar með Jóni Björnssyni
hefst 16. febrúar

Istanbúl og Tyrkland
hefst 17. febrúar

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Lausnamiðuð nálgun
hefst 14. janúar

Gagnavinnsla í SPSS
haldið 18. febrúar

Lýsandi tölfræði í SPSS
haldið 25. febrúar

Ályktandi tölfræði í SPSS
haldið 4. mars

### LÖGFRÆÐI

Legal english - The Practice of Law, Company Law & Contract
hefst 15. febrúar

### SÉRNÁMSKEIÐ FYRIR RÍKISSTARFSMENN

Upplýsinga- og skjalastjórn
hefst 21. janúar

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Skattamál - nýlegar breytingar
haldið 28. janúar

Invest in your english - Personal Banking, Corporate Banking & The Banking Industry
hefst 3. febrúar

Excel II - fjármál og rekstur
hefst 10. febrúar

Excel - Veltitöflur (PivotTable)
haldið 11. febrúar

### NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Ég, stjórnandinn
hefst 5. febrúar

Straumlínustjórnun (e. Lean Management)
hefst 16. febrúar

### STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Samruni og yfirtökur - á mestu umbrotatímum í atvinnulífinu
haldið 20. janúar

Merkingar matvæla - þessum upplýsingum átt þú rétt á
haldið 4. febrúar

Öflugt sjálfstraust
hefst 10. febrúar

### TUNGUMÁL

Spænska I
hefst 1. febrúar

Hagnýt sænska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
hefst 2. febrúar

### HUGBÚNAÐUR

Disill 4 - grunnnámskeið
haldið 10. febrúar

Programming Microsoft Prism, the Composite Application Library (David Platt)
hefst 16. febrúar

**Mörg stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til náms. Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is




Íslensk stjórnvöld í viðræðum við Brasilíu um flutning fanga:

# Fangar við slæman aðbúnað afpláni refsingu sína heima

**DÓMSMÁL** Íslensk stjórnvöld hafa átt í viðræðum við brasilísk stjórnvöld að undanförnu um flutning dæmdra fanga til afplánunar í föðurlandinu. Ástæða þessa er afplánun þriggja Íslendinga í fangelsum í Brasilíu. Vitað er að aðstæður þeirra og aðbúnaður er mismunandi, að sögn Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra, sem segir það hvatann að viðræðunum, en samningur sé ekki frágenginn.


RAGNA ÁRNADÓTTIR

„Hingað til höfum við ekki neitað föngum um að koma heim til afplánunar," greinir ráðherra frá. „Hins vegar er málum þannig háttað að hér er plássleysi í fangelsum. Við veltum fyrir okkur við hvað við ættum að styðjast þegar við færum að taka afstöðu til beiðna um að vinna að því að fá fanga heim."

Ragna kveðst hafa lagt málið fyrir ríkisstjórn, sem hefði samþykkt tillögu sína þess efnis að meginreglan væri sú að menn afpláni þar sem þeir eru dæmdir.

„Hins vegar verður tekið tillit til aðstæðna hverju sinni, og mæli þær eindregið með því að íslenskir fangar komi heim þá beiti íslensk yfirvöld sér fyrir því."

Ragna segir að íslensk yfirvöld muni nú leita eftir staðfestingu á aðbúnaði íslensku fanganna og að því loknu verði tekin ákvörðun um hvernig með málið skuli fara. - jss




# Vill að hægt verði að ganga að hluthöfum

**Breyta ætti lögum svo hægt verði að ganga að hluthöfum í hlutafélögum undir sérstökum aðstæðum að mati hæstaréttarlögmanns. Hefði getað breytt miklu að hafa slíkan fælingarmátt í aðdraganda hrunsins, segir viðskiptasiðfræðingur.**

**VIÐSKIPTI** Mjög æskilegt væri að taka upp í íslensk lög reglur um afnám á takmörkun ábyrgðar hluthafa í hlutafélögum undir tilteknum kringumstæðum. Ólíkt lögum erlendis er eingöngu treyst á skaðabótalög hér á landi.

Þetta kom fram í máli Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar, hæstaréttarlögmanns og aðjúnkts við Háskólann í Reykjavík, á opnum fundi um ábyrgð hluthafa í Háskólanum í Reykjavík í gær.

Almennt gildir sú regla að ábyrgð hluthafa á því sem fram fer í hlutafélaginu takmarkast af því hlutafé sem hann hefur lagt félaginu til. Jóhannes tók fram að þessi regla sem slík sé forsenda þess að viðskiptalífið eins og við þekkjum það geti þrifist. Hlutabréfakaup séu mikið hreyfiafl, og kerfið myndi lamast bæri hver hluthafi ábyrgð á gerðum þeirra félaga sem hann ætti hlut í.

Víðast hvar í þeim löndum sem við berum okkur saman við gilda reglur þar sem takmörkun á ábyrgð hluthafa er aflétt undir vissum kringumstæðum, sagði Jóhannes. Engin slík ákvæði séu í íslenskum lögum.

Í Bretlandi er til dæmis heimilt að víkja frá takmörkunum á ábyrgð hluthafa þegar sannað þyki að móðurfélag stjórni í raun öllu innan dótturfélags, eða þegar framin hafa verið lögbrot innan hlutafélags, sagði Jóhannes. Yfirleitt sé þar alltaf misnotkun á hlutafélagaforminu að ræða.

Þar sem slík ákvæði eru ekki í íslenskum lögum eiga kröfuhafar gjaldþrota hlutafélags þann kost helstan að leita réttar síns með því að fara í skaðabótamál gegn hluthöfum, sagði Jóhannes. Æskilegt sé að setja í íslensk lög ákvæði um niðurfellingu á takmörkun á ábyrgð hluthafa undir afmörkuðum kringumstæðum.

brjann@frettabladid.is


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÁBYRGÐ** Takmarkanir á ábyrgð hluthafa á skuldbindingum hlutafélags eru forsenda þess að viðskiptalífið geti þrifist, en mögulegt ætti að vera að takmarka þá ábyrgð, segir Jóhannes Rúnar Jóhannsson.

## FYRIRGERA RÉTTI SÍNUM TIL SKJÓLS

Líta ætti til fælingarsjónarmiða þegar íhugað er hvort heimila eigi afnám takmarkana á ábyrgð hluthafa, sagði Stefán Einar Stefánsson, viðskiptasiðfræðingur við Háskólann í Reykjavík, í erindi sínu á fundinum í gær.


STEFÁN EINAR STEFÁNSSON

„Flestir hefðu talið að óþarft væri að hafa áhyggjur af mögulegri misnotkun hlutafélagaformsins," sagði Stefán. Reiknað hafi verið með því að bankarnir neituðu að lána hlutafélögum sem ekki hefðu trygg veð gegn lánunum.

Því færa megi rök fyrir því að ábyrgðin liggi einnig hjá lánastofnunum sem láni hlutafélögum fyrir hlutabréfakaupum með veði í bréfunum sem keypt eru fyrir lánið.

Hefðu eigendur hlutafélaga sem tóku himinhá lán fyrir hlutabréfakaupum í aðdraganda hrunsins vitað að hægt yrði að ganga að þeim persónulega í einhverjum tilvikum hefði það að mati Stefáns haft mikinn fælingarmátt. Þeir sem skáki í skjóli takmarkana á ábyrgð og misnoti hana ættu þar með að fyrirgera rétti sínum til þess að vera í því skjóli.






# Frumherji
# um allt land

Við leggjum metnað okkar í að veita landsmönnum hagkvæma og góða þjónustu. Fastar bifreiðaskoðunarstöðvar Frumherja eru nú 30 talsins á helstu þéttbýlissvæðum og auk þess sinnir færanleg skoðunarstöð sérstökum verkefnum og dreifðari byggðum eftir atvikum.




Kynntu þér þjónustuna á þínu svæði á

**www.frumherji.is**

## Ný skoðunarstöð á Granda

Við höfum opnað nýja og glæsilega skoðunarstöð fyrir bíla, húsbíla og ferðavagna að Hólmaslóð 2. Við bjóðum Vesturbæinga og Seltirninga sérstaklega velkomna til okkar út á Granda, en stöðin er sú eina sem þjónustar þetta svæði sérstaklega. Öll aðstaða fyrir viðskiptavini er þar fyrsta flokks og alltaf heitt á könnunni.







FRUMHERJI HF

Frumherji hf - sími 570 9000 - **þjónustuver og tímapantanir 570 9090** - www.frumherji.is



**Á ÚTSÖLU Í JANÚARBYRJUN** Rannsóknasetur verslunarinnar segir greinilegt að landsmenn hafi dregið úr fatakaupum á síðustu tveimur árum. Á föstu verðlagi hafi velta fataverslunar verið rúmum fjórðungi meiri í desember 2007 og skóverslun fimmtungi meiri, en gerðist í desember síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Sala á raftækjum tók kipp í desember

**Vísbendingar eru um að meira jafnvægi sé að komast á einkaneyslu eftir meira en árs samdráttarskeið. Nýjar tölur Rannsóknasetturs verslunarinnar sýna að velta dagvöru jókst milli ára í desember. Áfengissala dróst hins vegar saman.**

**VIÐSKIPTI** Mælt á föstu verðlagi jókst velta í dagvöruverslun í desembermánuði um 1,7 prósent miðað við sama mánuð árið áður. Þetta kemur fram í nýjum tölum Rannsóknasetturs verslunarinnar á Bifröst. Á breytilegu verðlagi jókst veltan um 9,6 prósent. Verð dagvöru hækkaði um 7,8 prósent á tímabilinu.

Aukin velta milli ára er sögð athyglisverð í frétt Rannsóknasetursins. „Hér er um raunaukningu að ræða á milli ára því þegar bæði hefur verið tekið tillit til verðlagsbreytinga á tímabilinu og leiðrétt fyrir daga- og árstíðabundnum þáttum nam veltuaukningin 3,1 prósenti en slík aukning á milli ára hefur ekki orðið síðan um mitt ár 2008. Þó ber að hafa í huga í þessum samanburði að jólaverslun í fyrra dróst mikið saman frá fyrri árum.“

Þá kemur fram að áfengissala hafi dregist saman um 2,3 prósent milli desembermánaða 2009 og 2008, en á breytilegu verðlagi jókst veltan um 13,8 prósent. „Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum nam samdráttur í veltu áfengis í desember 6,3 prósentum frá sama mánuði í fyrra. Verð á áfengi var 16,5 prósent hærra í desember síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra.“

Mesta breyting desembermánaðar var hins vegar í sölu á raftækjum, en á föstu verðlagi jókst hún um 15,3 prósent frá sama mánuði í fyrra og um 34 prósent á breytilegu verðlagi. Verð raftækja hafði á tímabilinu hækkað um 16,2 prósent.

„Leita þarf aftur til mars 2008 til að finna jafn mikla veltu að raunvirði í raftækjaverslun,“ segir í skýrslu Rannsóknasetturs verslunarinnar, en jólaverslunin er sögð hafa verið heldur meiri en spáð hafði verið. „Of fljótt er þó um það að segja því mælingar Rannsóknasetursins ná ekki til allrar verslunar í landinu,“ segir í skýrslunni, en vísbendingar sagðar vera um að meira jafnvægi sé að komast á einkaneyslu eftir samdráttarskeið sem staðið hafi í meira en ár. „Kaupmáttur mældist samt 7,6 prósent minni fyrstu ellefu mánuði síðasta árs en á sama tímabili árið áður og raunlækkun varð á greiðslukortanotkun innanlands um 16 prósent.“

olikr@frettabladid.is

**VELTUBREYTINGAR FRÁ FYRRA ÁRI Í DESEMBER**

| | Breytilegt verð | Fast verð |
|---|---|---|
| Dagvara | 9,6% | 1,7% |
| Áfengi | 13,8% | -2,3% |
| Föt | 13,1% | -4,5% |
| Skór | 22,7% | 2,0% |
| Húsgögn | 10,7% | -1,1% |
| Raftæki | 34,0% | 15,3% |

*Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar á Bifröst.*





Húsfélagaþjónusta - þú *sparar* þér *tíma* og *fyrirhöfn*



- Ekkert mánaðargjald
- Einföld innheimta
- Öflugur netbanki
- Fullkomið rekstraryfirlit
- Félagatal og greiðslustaða
- Þinn þjónusturáðgjafi

Nánar á arionbanki.is/husfelag

Komdu í viðskipti með húsfélagið þitt. Sendu fyrirspurn á husfelag@arionbanki.is – hringdu í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibú. Starfsfólk bankans tekur vel á móti þér og veitir allar nánari upplýsingar.

Arion banki

Morgunumferðin í Reykjavík:
## Tveir fjögurra bíla árekstrar

**SAMGÖNGUR** Tveir fjögurra bíla árekstrar urðu nánast á sama tíma með um hundrað metra millibili í og við Ártúnsbrekku í Reykjavík rétt eftir klukkan átta í gærmorgun. Enginn slasaðist en óhöppin urðu í hægri morgunumferð. Bílarnir voru allir á vesturleið. Annar var í Ártúnsbrekkunni miðri á miðjuakrein. Þar höfðu þrír lent í aftanákeyrslu og ekið hafði verið utan í einn bíl á vinstri akrein.

Áreksturinn neðan við brekkuna, um 100 metra frá hinum, varð á hægri akrein. Ekið hafði verið aftan á einn bíl og tveir fylgdu í kjölfarið, hver aftan á annan. - óká

Íranskur kjarneðlisfræðingur myrtur fyrir utan heimili sitt í Teheran:
## Ísrael og Bandaríkin ásökuð

**ÍRAN, AP** Írönsk stjórnvöld segja Ísrael og Bandaríkin hafa staðið á bak við morð á eðlisfræðingnum Masoud Ali Mohammadi, prófessor við háskólann í Teheran.

Ali Mohammadi var fimmtugur og hafði tekið virkan þátt í mótmælum gegn stjórnvöldum, sem stúdentar við háskólann hafa verið í forystu fyrir. Hann lét lífið þegar fjarstýrð sprengja sprakk fyrir utan heimili hans í gærmorgun, þegar hann var að leggja af stað í vinnuna.

Prófessorinn var á lista yfir 240 stuðningsmenn stjórnarandstöðuleiðtogans Mirs Hosseins Moussavi, sem bauð sig fram gegn forseta Írans, Mahmoud Ahmadinedjad, í forsetakosningunum í sumar.


**MASOUD ALI MOHAMMADI** Var í hópi stjórnarandstæðinga sem mótmælt hafa síðustu mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Moussavi var úrskurðaður sigurvegari, en stjórnarandstæðingar saka stjórnina um að hafa hagrætt úrslitum kosninganna. Óvenju fjölmenn og langvarandi mótmæli hafa síðan verið áberandi í Íran, þar sem fáir höfðu áður þorað að standa uppi í hárinu á stjórnvöldum.

Ali Mohammad var kjarneðlisfræðingur, en árið 2007 lét annar íranskur kjarneðlisfræðingur lífið af völdum gaseitrunar.

Ali Shirzadian, talsmaður kjarnorkustofnunar Írans, segir að Ali Mohammed hafi engan þátt tekið í kjarnorkuáformum landsins. - gb

Handtekinn á Akranesi:
## Gleymdi byssu í buxnastreng

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður sem handtekinn var á Akranesi um helgina með skammbyssu í buxnastreng kvaðst hafa fundið hana í ruslagámi, stungið henni í strenginn og gleymt henni. Um eftirlíkingu af skammbyssu reyndist vera að ræða.**

**Aðfaranótt sunnudagsins barst lögreglu tilkynning frá skemmtistaðnum Breiðinni um mann sem væri þar með skammbyssu í buxnastrengnum. Óskað var eftir aðstoð frá sérsveit Ríkislögreglustjóra til að handtaka manninn. Hann hafði þó áður en til aðgerða kom afhent dyraverði byssuna og hníf sem hann var með á sér.** - jss


**Í BYGGINGU** Árið 2009 bárust Íbúðalánasjóði 3.320 umsóknir vegna greiðsluerfiðleika, 42 prósentum fleiri en 2008, samkvæmt mánaðarskýrslu sjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Útlán Íbúðalánasjóðs 2009:
## Helmingi minna lánað en ári fyrr

**EFNAHAGSMÁL Heildarútlán Íbúðalánasjóðs allt síðasta ár námu rétt rúmum 30 milljörðum króna, 52 prósentum minna en á árinu 2008 þegar útlán námu rúmum 64 milljörðum. Þetta kemur fram í tilkynningu sjóðsins í gær. Heildarútlán í desember námu 2,1 milljarði króna, lækkuðu um 14 prósent frá fyrra mánuði.**

**Af útlánum sjóðsins í desember voru tæpar 1.500 milljónir króna vegna almennra útlána og rúmar 600 milljónir vegna annarra lána. „Meðalútlán almennra lána voru um 8,8 milljónir króna í desember, sem er lækkun um tvö prósent frá fyrra mánuði," segir í tilkynningunni.** - óká

Sveitarstjórn Borgarbyggðar:
## Meirihluti B og D tekinn við

**BORGARBYGGÐ** Nýr meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks er tekinn við í Borgarbyggð. Lýkur þar með óvissu í stjórn sveitarfélagsins, en 30. desember sprakk meirihluti allra flokka, ekki síst vegna deilna um skólamál. Frá þessu er greint í Skessuhorni. Flokkarnir eiga saman sex fulltrúa af níu í bæjarstjórn. Björn Bjarki Þorsteinsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, verður forseti sveitarstjórnar og Sveinbjörn Eyjólfsson, oddviti Framsóknarflokks, formaður byggðarráðs. Páll S. Brynjarsson gegnir áfram starfi sveitarstjóra. - kóp


**PÁLL S. BRYNJARSSON**

**LÖGREGLUMÁL**

### Nefbraut mann á Lundanum

Ráðist var á karlmann á fimmtugsaldri á veitingastaðnum Lundanum í Vestmannaeyjum um síðustu helgi. Hann nefbrotnaði. Árásarmaðurinn var handtekinn og viðurkenndi hann árásina.

### Rússneskum rúblum stolið

Lögreglu í Vestmannaeyjum var tilkynnt aðfaranótt 4. janúar að ungling-ur á aldrinum 14 til 16 ára, klæddur í dökka hettupeysu væri að gramsa í bíl í bænum. Stolið var rússneskum rúblum að verðmæti fimm til tíu þúsund krónur.





**SUNDSPRETTUR Í FROSTI** Hópur fólks skrapp nýverið í hið árlega áramótasund í vatninu Halensee í austanverðu Þýskalandi, en ekki var synt lengi því frost var úti. Þessi mætti í gervi sjávarguðsins Neptúnusar, með þrífork og kórónu. NORDICPHOTOS/AFP

Lögmaður dæmdur fyrir að selja sumarbústað sem hann átti ekki:

# Í fangelsi fyrir umboðssvik

**DÓMSMÁL** Lögmaður um sjötugt, Páll Skúlason, hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði skilorðsbundna, fyrir umboðssvik. Páll seldi sumarbústað sem var í eigu annarrar manneskju og hirti ágóðann sjálfur.

Forsaga málsins er sú að árið 1988 seldi Páll hjónum sumarbústað á 300 þúsund krónur. Eigendaskiptin voru tilkynnt Fasteignamati ríkisins og síðan hafa hjónin, og konan ein eftir andlát mannsins, greitt öll opinber gjöld af lóðinni.

Hins vegar láðist hjónunum að þinglýsa kaupsamningnum. Þegar kaupverðið hafði ekki verið að fullu greitt nær tuttugu árum síðar ákvað Páll að nýta sér þá staðreynd og selja bústaðinn aftur. Hann segist hafa litið svo á að ekki hafi verið staðið við kaupsamninginn og að hann væri því fyrndur. Úr því að honum hafði aldrei verið þinglýst gat hann enn fremur þóst eiga eignina enn og þannig selt hana.



**SUMARBÚSTAÐUR** Maðurinn hefur í tvígang selt sama sumarbústaðinn. Myndin er úr safni.

Dómurinn kemst að því að engu máli skipti hvort kaupverðið var að fullu greitt eða ekki. Við kaupsamningsgerð hafi hjónin öðlast eignarétt á húsinu, og Páli hafi þá borið að nýta sér vanefndarúrræði til að rifta samningnum eða krefjast efnda væri hann óánægður. Það hafi hann ekki gert.

Hann hafi misnotað aðstöðu sína og valdið konunni umtalsverðu fjárhagstjóni. - sh

Fræðsluráð Borgarbyggðar:

# Vilja ekki borga fyrir fósturbörn

**SKÓLAMÁL „Þessi breyting felur í sér mjög íþyngjandi skyldur fyrir þau sveitarfélög sem veita þessa þjónustu og telur nefndin að hagsmunir fósturbarna hafi ekki verið hafðir að leiðarljósi," segir fræðslunefnd Borgarbyggðar um þann úrskurð menntamálaráðuneytisins að viðtökusveitarfélög eigi að greiða allan hefðbundinn kostnað af skólagöngu fósturbarna sem þar dvelja tímabundið.**

**„Breytingin fer gegn þeirri meginreglu að sveitarfélögum er ekki skylt að veita íbúum annarra sveitarfélaga þjónustu að kostnaðarlausu," segir nefndin.** - gar



**BJÖRGÓLFUR THOR** Stærstu farsímafyrirtæki Póllands hafa ekki sýnt þann áhuga á fyrirtæki Björgólfs Thors sem vænst var. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stefnt að sölu P4 á árinu:

# Enginn vill fyrirtæki Björgólfs

**VIÐSKIPTI Enginn áhugi er fyrir því á meðal umsvifamestu farsímafyrirtækja Póllands að kaupa farsímafyrirtækið P4 yrði það boðið falt á árinu. Þetta kom fram í gær í fréttabréfi Wireless Federation, alþjóðlegum samtökum fyrirtækja í þráðlausum samskiptum.**

**Novator, félag að mestu í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, á rétt tæpan helmingshlut í P4, sem er fjórða umsvifamesta farsímafyrirtæki Póllands.**

**Í fréttabréfinu kemur fram að samkvæmt kaupréttarákvæðum stjórnenda P4 verði söluréttir ekki virkir fyrr en við sölu fyrirtækisins, sem miðað er við að gangi í gegn á þessu ári.** - jab

# Höfum ekki efni á að reka norrænt velferðarkerfi

**Hagvöxtur er eina leiðin til að koma landinu úr kreppunni. Því er mikilvægt að halda sköttum lágum og lækka ríkisútgjöld. Dýpki kreppan aukast líkur á greiðsluþroti ríkisins, að mati háskólaprófessors.**

**EFNAHAGSMÁL** Skattahækkanir ríkisstjórnarinnar og aðstæður hér nú eru frábær efniviður fyrir djúpa og langvinna kreppu. Þetta er mat Ragnars Árnasonar, prófessors við hagfræðideild Háskóla Íslands.



**RAGNAR ÁRNASON**

Ragnar benti á það í erindi sem hann hélt á þéttsetnum skattadegi á vegum Deloitte í gær, að þjóðin stæði nú frammi fyrir dýpstu kreppu sem sést hafi hér frá stofnun lýðveldisins, ef ekki frá byrjun síðustu aldar. Reikna megi með að samanlagður eignabruni þjóðarinnar á fasteigna- og hlutabréfamarkaði frá miðju ári 2007, þegar Úrvalsvísitala Kauphallarinnar náði hámarki, nemi á milli þrjú til fimm þúsund milljörðum króna, sem jafngildi tveimur til þremur vergum landsframleiðslum. Á sama tíma glími þjóðin við meiri erlendar skuldaklyfjar en nokkru sinni.



**FRÁ SKATTADEGINUM** Uppselt var á skattadag Deloitte í gær og setið í öllum sætum Grand Hótels. Þeir sem ekki fengu pláss í aðalrýminu gátu fylgst með ræðumönnum af skjávarpa í öðrum sal. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ragnar sagði erfitt að komast upp úr þessum aðstæðum, í raun standi flestar aðgerðir stjórnvalda í vegi fyrir því. „Ef við sökkvum niður í kreppuna verður æ erfiðara fyrir ríkið að afla tekna á komandi árum," sagði hann og lagði áherslu á að við þær aðstæður væri talsverð áhætta á greiðsluþroti ríkisins.

Ragnar sagði einu sjáanlegu leiðina út úr vandanum að búa í haginn fyrir hagvöxt. Efla verði fjárfestingu í fjármunum sem muni skapa framleiðslugetu í framtíðinni og gera vinnu ábatasamari svo fólk leiti ekki í svarta atvinnustarfsemi. Ekki megi horfa til næstu fjögurra ára heldur þrjátíu. Þetta megi ýmist gera með því að lækka skatta eða halda þeim óbreyttum frá því sem áður var og bæta rekstrarumhverfið svo fjárfestar sjái hag í því að færa fé í rekstur hér. „Lægri skattar ýta undir atvinnuþátttöku og hagvöxt.

Þetta er klassískt ráð gegn kreppu og menn deila ekki um það," sagði Ragnar og bætti við að ofan á þetta verði að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. „Þetta á við um velferðarkerfið. Við höfum ekki efni á að reka það af svipuðum gæðum og á hinum Norðurlöndunum. Það er að drepa okkur. Við verðum að skera það niður á eins mannúðlegan og hagkvæman hátt og við getum," sagði hann.

jonab@frettabladid.is


100.000.000
+740.000.000
840.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
840 MILLJÓNIR



Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 740 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 13. JANÚAR 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA


Útsalan er hafin
í Harðviðarvali
Parket - verð frá 5.490 kr.
Harðparket - verð frá 4.390 kr.
Plastparket - verð frá 1.990 kr.
Flísar 30x60 - verð frá 4.990 kr.
Innihurðir - verð frá 47.990 kr.
HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími: 567 1010 | www.parket.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stóryrt og persónugerð umræða:

## Fúkyrðaflaumur og níð

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Umræður og orðaskak um Icesave-samninginn, og allar þær vendingar sem það mál hefur tekið, gefa tilefni til vangaveltna um það plan sem samfélagsumræða á Íslandi er tíðum á.

Opin ummælakerfi á Netinu hafa verið veita fyrir gífuryrði, persónulegar meiðingar og jafnvel hótanir. Þetta fer að miklu leyti fram í skjóli nafnleyndar en þó ekki eingöngu.

Velta má fyrir sér hvort nafnlaus fúkyrðaflaumur hafi smám saman flutt til velsæmismörk í umræðunni og orðanotkun sem engum kom til hugar að beita á almennum og opnum vettvangi hafi smám saman orðið ásættanleg og jafnvel brúkleg undir nafni, í það minnsta ef notandinn situr einn fyrir framan skjá sinn.

Það hefur löngum verið talið til dyggða að vera orðvar og sanngjarn í umræðu. Vissulega fylgja margir þeirri ágætu hefð. Þó er sýnt að gífuryrði setja sífellt meiri svip á þjóðfélagsumræðuna ekki bara á Netinu heldur hvarvetna sem slík umræða fer fram, jafnvel í þingsölum.

Auk stóryrða vill það einkenna umræðuna að snúa skoðunum fólks upp á lyndiseinkunn. Þeir sem eru á öndverðum meiði við mælandann, eða þann sem á lyklaborðið styður, fá yfir sig fúkyrðagusuna og stimpla um laklegt vitsmunastig, ásamt fullyrðingum um illan ásetning sem viðkomandi er talinn afhjúpa með skoðunum sínum. Þarna er engu til sparað og notuð orð eins og landráðamaður og þjóðníðingur.

Umræðukerfið á Netinu ætti að geta verið frjór vettvangur skoðanaskipta og dæmi eru um að slíkt sé raunin. Algengara er því miður að umræðukerfið sé veita sem notuð er til að fá útrás fyrir reiði, útrás sem betur væri fengin eftir öðrum leiðum.

Það er eðlilegt að umrót undanfarinna mánaða kalli á snörp skoðanaskipti og það er heldur ekkert skrýtið að margir séu sárreiðir yfir þeirri stöðu sem íslenskt samfélag komst í, nánast eins og hendi væri veifað, um haustið 2008. Við það breyttust einnig persónulegar aðstæður fjölmargra og sú framtíðarsýn sem við þeim blasti. Slíkar aðstæður koma róti á tilfinningalífið.

Jafnmikilvægt er þó að skoðanaskipti séu málefnaleg og falli ekki á það plan að verða persónulegt skítkast. Á slíkri umræðu verður ekki reist nýtt og betra samfélag.

Það er vænlegra til árangurs að færa málefnaleg rök fyrir skoðunum sínum, hlusta á rök þeirra sem eru á annarri skoðun, krefja þá um haldbetri rök ef manni sýnist svo og vera sjálfur tilbúinn til að útskýra mál sitt betur.

Hitt, að ætla að þeim sem eru annarrar skoðunar en maður sjálfur gangi illt til eða að skoðun þeirra byggi á vitsmunaskorti, er meiðandi fyrir alla sem að koma og laklegt byggingarefni fyrir betra samfélag, auk þess að vera einstaklega óskemmtilegt.

Hvöss og gagnrýnin samfélagsumræða er svo sannarlega mikilvæg, ekki síst í því umróti sem nú ríkir. Slík umræða fer á engan hátt saman um orðljóta umræðu og persónulegt níð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vatnið og lækurinn

Stundum er sagt að fjölmiðlafólk sé sjálfhverft. Það sama er stundum hermt upp á stjórnmálamenn. En hvað skyldi gerast þegar stjórnmálamaður stýrir sjónvarpsþætti? Á sjónvarpstöðinni ÍNN stýra nokkrir stjórnmálamenn eigin sjónvarpsþætti, til dæmis Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, umsjónarmaður þáttarins Birkir Jón. Í Birki Jóni fjallar Birkir Jón um „það sem er efst á döfinni í stjórnmálum líðandi stundar". Birkir Jón reið á vaðið á nýju ári á fimmtudaginn var. Og hver var þá mættur til að greina atburði líðandi stundar? Jú, Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins. Hví að sækja vatnið yfir lækinn?



### Ekki vanþörf á

Að sjálfsögðu bar Icesave-málið á góma í spjalli Birkis Jóns og Gunnars Braga. Ekki er vanþörf á því að Gunnar Bragi fái tækifæri til að reifa sjónarmið sín í því máli á opinberum vettvangi. Í byrjun desember var sagt frá því í fréttum að hann hafði ekki farið nema 229 sinnum í ræðustól í umræðunni um Icesave og talað í tæpar níu klukkustundir, lengst allra þingmanna.

### Vinalegur Einar

Einar K. Guðfinnsson alþingismaður skrifaði grein í Fréttablaðið á dögunum þar sem hann boðaði samstöðu. Henni væri ekki hægt að ná nema ríkisstjórnin hætti „að beina spjótum sínum inn á við. Henni ber að sameina en sundra ekki. Þarna hefur hún hins vegar brugðist veigamesta hlutverki sínu" skrifaði Einar og bætti við að forsenda sátta væri sú „að ríkisstjórnin láti af þeim óvana sínum að efna sífellt til pólitísks innanlandsófriðar". Einar K. teygði sáttahönd sína enn lengra í gær í pistli á AMX. Þar sagði hann stjórnarliða taka gagnrýni á Icesave með blöndu forherðingar, ósvífni og óöryggis. „Það er ekki gott veganesti í stjórnmálaumræðu," skrifaði Einar. Annað en sá útbreiddi sáttafaðmur sem pistlar hans eru.



bergsteinn@frettabladid.is

# Norður og niður



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Pólitík á versta kanti

Í sínum stjórnmálafræðum hafa Frakkar hugtak sem ekki er laust við að hljómi líkt og mótsögn, og þó reynist það oft notadrjúgt til að varpa ljósi inn í myrkrið þar sem þjóðmálaskúmarnir eru á flögri. Þetta hugtak er á frönsku „politique du pire", og þýðir það eitthvað í áttina við „pólitík á versta kanti" eða „stjórnmálastefna norður og niður", en ég held þó að íslenskan hafi í rauninni ekkert nothæft orð yfir það. En í stuttu máli táknar þetta hugtak þá stefnu í stjórnmálum að róa að því öllum árum að allt fari á versta veg, stuðla ekki að því að leysa þau vandamál sem kunna að vera fyrir hendi, heldur reyna þvert á móti að koma í veg fyrir að nokkur lausn finnist, hindra menn í að ráða bót á ástandinu, magna sem mest upp vandamálin og gera þau óleysanleg. Stefnu af þessu tagi eiga stjórnmálamenn til að taka upp þegar þeir húka valdalausir í stjórnarandstöðu, eða kannske þegar staða þeirra er á einhvern annan hátt tæp, og með því að fylgja henni sem fastast hyggjast þeir höndla það sem þeim er kærast, Völdin.

Í sögu 20. aldar þekkja Frakkar nokkuð skýrt dæmi um stefnu af þessu tagi. Þegar de Gaulle sagði af sér í fússi rétt eftir heimsstyrjöldina síðari eftir stutta setu í embætti forsætisráðherra, bjóst hann við því í fyrstu umferð að landar hans myndu grátbæna hann um að koma aftur, en þegar það gerðist ekki, og þeir létu afsögn hans sér í léttu rúmi liggja, fór hann að velta fyrir sér leiðum til að komast aftur til valda. „Og þær fann hinn demóníski hugur hans" eins og einhver sagði síðar, hann sá sem sé að nýlenduvandamálið myndi verða sá stökkpallur sem hann gæti notað til að hoppa upp í valdastólinn.

Fljótlega eftir að heimsstyrjöldinni var lokið fór nefnilega að draga til mikilla tíðinda í þeim nýlendum sem Frakkar áttu í fjarlægum heimsálfum, nýlenduþjóðirnar tóku að rísa upp og krefjast sjálfstæðis, víða urðu óeirðir og blóðsúthellingar, svo kom til styrjaldar í franska Indókína sem var Frökkum þeirri erfið og kostnaðarsöm og eftir það hófst enn verri styrjöld í Alsír. Nú mátti ljóst vera, að þetta vandamál þyrfti að leysa á skjótan og róttækan hátt, það var ekki hægt að hunsa með öllu kröfur nýlenduþjóðanna, og styrjaldirnar voru of þungur baggi og kannske óvinnanlegar. En við ramman reip var að draga, fjöldi Frakka vildi enn lemja hausnum við steininn og halda í nýlenduveldið óbreytt, og á það lag gekk nú de Gaulle. Hann lét fylgismenn sína berjast með kjafti og klóm gegn öllu því sem gæti stuðlað að einhverri lausn á vandanum. Grundvallarstefna hans var sú að væna valdhafa landsins um linkind, undanlátssemi ef ekki helber svik í nýlendumálunum, vegna eymdar og dugleysis eða jafnvel þjónkunar við einhverja annarlega hagsmuni væru þeir að glutra nýlenduveldinu úr hendi sér og gera Frakkland að engu, að smáríki sem ekki skipti lengur neinu máli í veröldinni. Hann gat þá snúið sig við þá algengu hugaróra herforingja að sigurinn í stríðinu sé alveg á næsta leiti, það þurfi aðeins nokkra hermenn til viðbótar og meiri og betri vopn, og þá sé björninn unninn. Og hann gat einnig stutt sig við þá Frakka sem voru reiðubúnir til að trúa herforingjunum og taka undir gagnrýni hans á valdhöfunum: hvað svo sem þeir gerðu var það aldrei nóg.

Að lokum var ástandið komið í óleysanlegan hnút, agalausir herforingjar gerðu uppreisn í Algeirsborg, og lafhræddir stjórnmálamenn afhentu de Gaulle völdin á silfurfati. Hann var búinn að ná markmiði sínu. En þá var hann kominn í þá lítt öfundsverðu stöðu að þurfa að gera það sem hann hafði ásakað aðra um að geta ekki gert, og það var honum að sjálfsögðu ofviða. Hann varð að beygja sig fyrir veruleikanum, gefa Alsírbúum sjálfstæði, svo og öllum þeim nýlendum sem þá voru eftir. Það kostaði mikil átök, því ýmsir þeir sem áður höfðu trúað á de Gaulle snerust nú gegn honum, stundum með bombum og byssuhólkum, en í Alsír brást flótti í menn af frönskum uppruna og fór allur þorri þeirra til Frakklands. Og því geta menn spurt sig hvort ekki hefði mátt leysa þetta vandamál á auðveldari hátt, og með minni skaða, með því að meta ástandið af skynsemi, sýna sveigjanleika í stað þess að forherðast og umfram allt með því að segja almenningi sannleikann. En þá hefði de Gaulle ekki komist til valda.

Fleiri dæmi mætti nefna, og kannske veltir einhver því fyrir sér hvort þessi útbreidda stjórnarstefna norður og niður sé ekki kennd í einhverjum stjórnmálaskólum. En þess þarf ekki, hún er sennilega í pólitísku genunum. Líka á Íslandi.

# Yfirlýsing iðnaðarráðherra

UMRÆÐAN

Jón Gunnarsson skrifar um atvinnumál



JÓN GUNNARSSON

Í þættinum Á Sprengisandi á sunnudag staðfesti iðnaðarráðherra, Katrín Júlíusdóttir, að flótti væri brostinn í þá erlendu aðila sem iðnaðarráðuneytið hefur rætt við um fjárfestingu í íslensku atvinnulífi. Hún hefur á liðnum mánuðum gumað af því í umræðum á Alþingi að horfur væru bjartar í íslensku atvinnulífi og árangur af vinnu ráðuneytisins væri handan við hornið.

Þessa stöðu skýrir ráðherrann með þeirri óvissu sem Icesave-málið veldur í íslensku efnahagslífi. Sú afstaða ber vott um grunnhyggni. Það er alvarlegt ef ráðherra gerir sér ekki grein fyrir því að ástæðan liggur í þeim skilaboðum sem ríkisstjórnin sendir atvinnulífinu og þeim aðilum sem hafa litið á Ísland sem mögulegan stað fyrir atvinnustarfsemi sína. Á þetta hefur ítrekað verið bent undanfarna mánuði og virðist ráðherrann ekki hafa skilið alvarleika málsins. Þannig hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar verið iðnir við að leggja stein í götu orkufreks iðnaðar og er þar skemmst að minnast ákvarðana umhverfisráðherra vegna álvers á Bakka og lagningar suðurlínu vegna álvers í Helguvík. Þá voru samfylkingarmenn í Hafnarfirði í forystu fyrir því að stöðva stækkun álversins í Straumsvík. Nýjasta útspil ríkisstjórnarinnar í skattamálum, þar sem sérstök áhersla er lögð á aukna skatta á atvinnulíf, er sennilega alvarlegasta aðförin að eflingu atvinnulífs sem hún hefur gert fram að þessu.

Forskot okkar hefur m.a. legið í traustri stjórnsýslu og þjóðfélagsgerð. Aðgerðir stjórnvalda virðast miða að því að eyðileggja þann góða árangur sem náðst hefur. Yfirlýsing iðnaðarráðherra sýnir að Ísland er ekki lengur sá áhugaverði valkostur til uppbyggingar atvinnustarfsemi sem áður var.

Icesave-málið er eitt það alvarlegasta sem við höfum staðið frammi fyrir sem þjóð. En þessar fréttir iðnaðarráðherra staðfesta að atvinnustefna stjórnvalda hefur beðið hnekki. Það er eitthvað sem við megum ekki við og ef það er staðreynd að stjórnvöld gera sér ekki grein fyrir hvað veldur, verður skaðinn enn meiri en orðinn er. Í málefnum atvinnulífsins sem og í Icesave-málinu verður þessi ríkisstjórn að gera sér grein fyrir fyrirsjáanlegu skipbroti sínu og leiðrétta kúrsinn ef ekki á að fara enn verr.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**GÖNGULEIÐIR Á TRÖLLASKAGA** er göngukort sem var endurútgefið af Hólaskóla – Háskólanum á Hólum um áramótin. Þekktar gönguleiðir er að finna á kortinu, meðal annars Heljardalsheiði, Svarfdælaleið, Hólamannaveg og Hjaltadalsheiði auk annarra skemmtilegra gönguleiða. www.holar.is





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447











Sigmar Örn á ferðalagi um Perú fyrir nokkrum árum með dóttur sína, Rósu Maríu. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Ferðast með krakkana sína á óvenjulega staði

**Sigmar Örn Alexandersson ferðast gjarnan með börnin sín á staði sem ekki eru miklir ferðamannastaðir. Hann hefur ferðast um Suður-Ameríku með dóttur sína og nú síðast til Marokkó með son og dóttur.**

Sigmar bjó fyrir nokkrum árum í Chile og dóttir hans, Rósa Marí, var þá með í för. Á þeim tíma ferðuðust þau meðal annars til Perú en nú í sumar var farin ferð til Marokkó þar sem sonur hans, Alexander Þór, 12 ára, var einnig með í för.

„Ég kýs að ferðast til staða þar sem ekki er mikið um ferðamenn. Mér finnst það ekki síst öruggara þegar ég er með krakka, þar sem ekkert er þá um glæpi sem tengjast oft ferðamannastöðum og svo er það oft rólegra og afslappaðra,“ segir Sigmar.

Ferðin til Marokkó var hugsuð sem bakpokaferðalag þar sem Sigmar, Alexander og Rósa ferðuðust þvert yfir landið, ýmist með næturlestum, ferjum eða rútum en Sigmar segir að þau hafi reynt að ferðast á nóttunni til að geta notað daginn í annað.

„Það reyndist ódýrast að kaupa pakkaferð til Costa del Sol, með hóteli og öllu, og mun ódýrara en ef ég hefði bara tekið flugið. Þannig var þetta tvískipt ferð: Nokkrir dagar í sundlaugunum á hótelinu og svo ævintýraferð: bakpokaferðin um Marokkó. Við tókum lest til Malaga og svo næturferju til Marokkó og dvöldum fyrst í litlum bæ við landamæri Líbíu.“

Þaðan hófst ferðalagið þvert yfir Marokkó en Sigmar var með lítinn þrjátíu lítra bakpoka á bakinu og allir voru með tvenn föt til skiptanna, en ekkert annað. „Það er þægilegt að vera með lítinn farangur í svona ferðalögum enda ekki farangursgeymslur á hverju strái. Ég þvoði fötin svo í vaski á kvöldin enda fljót að verða skítug í rykinu og hitanum sem fór oft yfir fjörutíu stig. Við sáum margt athyglisvert. Gamli virkisbærinn í Melilla er vel þess virði að skoða og að ráfa um þröngar götur miðaldabæjarins Fez er líkt því að ferðast aftur í tímann. Á markaðinum þar fæst allt milli himins og jarðar, allt frá ávöxtum til úlfalda. Innan um ferska ávexti og framandi krydd voru svo kjötbúðirnar sem minntu meira á gæludýraverslanir með gaggandi hænur, jarmandi kindur og flóttalegar skjaldbökur.“

Eftir að hafa ferðast eftir Miðjarðarhafsströnd Marokkó endaði ferðin í Tanger þaðan sem ferja var tekin yfir Gíbraltarsund aftur til Spánar. Sigmar segir ferðina hafa verið frábæra lífsreynslu fyrir börnin og góða tilbreytingu frá skipulögðum pakkaferðum.

„Mér finnst alltaf skemmtilegra að ferðast á eigin vegum og þá sérstaklega með börnin, ekki síst á þá staði þar sem ferðamenn með börn eru sjaldséðir. Viðmót fólks breytist og alls staðar er manni tekið opnum örmum.“ *- jma*





**KREPPAN** virðist ekki hafa áhrif á geðheilsu barna og enn sem komið er hefur ekki orðið marktæk aukning á eftirspurn eftir geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga hér á landi. www.heimiliogskoli.is


ljósmyndanámskeið
... fyrir byrjendur og lengra komna
Myndavélin, myndatökur, stúdíó, Photoshop, tölvuvinnsla, RAW vinnsla ofl.
1, 3, og 4ra daga námskeið. Einnig fjarnámskeið.
Fyrir allar stærðir og gerðir af stafrænum myndavélum.
Námskeiðin hefjast 18. janúar.
ljosmyndari.is
Leiðbeinandi Pálmi Guðmundsson s: 898 3911




„Við eigum frábæra og sérhæfða kennsluhesta," segir Víkingur Gunnarsson, stjórnandi reiðdeildar Hólaskóla. MYND/SÓLRÚN

# Ævintýrið er mikið í kringum hestinn

**Verkleg sumarnámskeið í ýmsum greinum og þriggja ára BS-nám í reiðmennsku og reiðkennslu eru þær nýjungar sem fram undan eru í hestafræðideild Háskólans á Hólum.**

Víkingur Gunnarsson er stjórnandi hestafræðideildarinnar á Hólum en aðrar deildir þar eru fiskeldis- og fiskalíffræði og ferðamálafræði.

Mánaðarlöng sumarnámskeið á háskólastigi í reiðmennsku og sögu hestsins byrjuðu fyrir tveimur árum og framhald verður á þeim á sumri komanda að sögn Víkings. Nú á líka að bæta við sérhæfðum vikunámskeiðum í reiðmennsku, svo sem tölti og skeiði. „Við búum svo vel að eiga hér frábæra sérhæfða kennsluhesta," segir hann og nefnir líka námskeið í fortamningu og ræktun, fóðrun og meðferð.

Öll sumarnámskeiðin eiga það sameiginlegt að vera kennd á ensku. Víkingur segir þau vissulega opin Íslendingum en nemendur erlendis frá hafi verið í meirihluta undanfarin sumur, jafnvel alla leið frá Ástralíu. „Við getum líka hannað námskeið fyrir hópa ef óskað er, því við erum með sérfræðinga á mörgum sviðum," tekur hann fram.

Frá og með næsta hausti verður allt nám við hestadeildina á háskólastigi og kennt til BS-prófs. „Annars vegar verður boðið upp á sameiginlega námsgráðu háskólanna á Hólum og á Hvanneyri og hins vegar verður nú boðið upp á BS-nám í reiðmennsku og reiðkennslu. Þar erum við að byggja ofan á nám sem hér hefur verið og hefur sérstöðu í heiminum. Þeir sem vilja geta hoppað af vagninum á leiðinni og útskrifast með diplóma eftir eins eða tveggja vetra nám," útskýrir Víkingur. Hann segir atvinnugreinar kringum íslenska hestinn víða hafa byggst upp erlendis og því sé markaður fyrir þetta nám. „Þriðjungur nemenda við deildina nú er útlendingar," lýsir hann. „Þeir leggja það á sig að læra tungumálið áður en þeir koma þannig að áhuginn er mikill og sýnir glögglega hvað ævintýrið kringum íslenska hestinn er stórt í sniðum." - gun


Dansarar www.jsb.is
DANSSTUDIO JSB
Innritun hafin! Sími 581 3730





Nýtt námskeið hefst 14.janúar 2010
Skráning í síma 5813730 og á jsb@jsb.is
Í boði er spennandi og krefjandi 10 vikna JAZZDANS og PÚL námskeið fyrir þá sem elska að dansa og hafa áhuga á að koma sér í form.
- Kennt er í lokuðum hópum
- Tímar fyrir byrjendur og lengra komna
- Ýmsir dansstílar kynntir s.s. Musical – Lyrical - Modern.
- Kennarar eru Irma Gunnarsdóttir og Þórdís Schram
Námskeið hefst 14.janúar ! Skráning í síma 5813730 og á jsb@jsb.is
Tímar eru 2 x í viku, frjáls aðgangur að tækjasal meðan á námskeiði stendur.
Dansstudio 1: Byrjendur, mánudaga kl.19:45, sal 1 og fimmtudaga 19:30, sal 2.
Dansstudio 2: Framhald, mánudaga kl. 20:45, sal 1 og fimmtudaga kl.20:30, sal 2.
Verð: 24.900 kr.
Nýtt!
STUDIOKORT er árskort sem gildir á öll dansnámskeið í Dansstudioi JSB. Kortið veitir einnig frjálsan aðgang að tækjasal JSB.
Verð: 56.900 kr.
Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar.
DANSLISTARSKÓLI JSB
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS
Gítarnámskeið
12 einkatímar fyrir alla aldurshópa
Hefst 25. janúar
verð: kr 47.000
innritun er hafin í síma 581 1281
www.gitarskoli.is
gitarskoli@gitarskoli.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Nýr og glæsilegur veitingastaður**
**óskar eftir að ráða starfsfólk í sal bæði í fasta vinnu og aukavinnu. Reynsla áskilin. Einnig á sama stað vantar vanan mann í eldhús.**
**Uppl. á staðnum og í s. 690 1074, Jón**
**Veitingahúsið Portið - Kringlunni.**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí í Mosfellsbæ. Óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu.**
**Vinnutími 13.-18.30 og aðra hvora helgi, annan daginn.**
**Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 660 2155 og 566 6145 eða á staðnum.**

vinna.is
Umsækjendur – kíkið inn á www.vinna.is
Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

**Næturvaktir - 100% starf**
**Subway Hringbraut auglýsir eftir duglegum starfsmanni með mikla þjónustulund á næturvaktir. Um 100% starf er að ræða. Í starfinu fellst afgreiðsla, þrif og skurður á grænmeti. Unnið er 7 nætur í röð og 7 nætur frí. Íslenskukunnátta er æskileg.**
**Lágmarksaldur er 20 ár.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða gegnum subway.is**

PRJÓNAKONUR. Nordicstore vill bæta við nokkrum öflugum prjónakonum sem prjónað geta 4-10 peysur á mánuði. Útvegum allt efni og greiðum hæstu verð fyrir vinnu. Upplýsingar veitir Steinunn í síma 8697821 milli 10 og 18.

Tryggingamiðlun Íslands auglýsir eftir úthringjurum til starfa á kvöldin. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl gefur Gísli í 893-7074 og gisli@tmi.is

Au-pair Stokkhólmi Við erum íslensk fjölskylda með 3 börn; 5, 7 og 11 ára og erum að leita að au-pair, 20-25 ára, þarf að hafa bílpróf. Sendið póst á aupair.se@gmail.com fyrir frekari upplýsingar.

## Viðskiptatækifæri

Auka tekjur? Vinna heima og byggja upp traustar mánaðarlegar tekjur. Sendu nafn og síma europewealth@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Hárgreiðslustofan Loftleiðum**
Var að byrja á Hárgreiðslustofunni á Hótel Loftleiðum, allir hjartanlega velkomnir 15% afsláttur út janúar. Pantið í síma 552 5230, Pála.

## Ýmislegt

Gítarleikur söngur. www.tonlist.is Leitarorð Marel.

## Einkamál

**Til kvenna:**
Konur sem vilja kynnast karlmönnum með kynf. ævintýri í huga nota Rauða Torgið Stefnumót til að ná sambandi við réttu mennina. Kona, þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 555-4321

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## Fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

**Blikahöfði 7 Mosfellsbæ - 2ja herbergja**
**Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 17:30 til 18:00**
**í Blikahöfða 7, íbúð 302**




Vorum að fá í sölu rúmgóða 2ja herbergja, 77 m2 íbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýli við Blikahöfða í Mos. Fallegt útsýni til suðurs, af svölum.
**Íbúðin er laus til afhendingar. V. 16,9 m.**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Uppboð

**Sýslumaðurinn á Húsavík**
**Útgarði 1, 641 Húsavík, s: 464 1300**

# UPPBOÐ

Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík mánudaginn 18. janúar 2010 kl. 10:00 á eftirfarandi eignum:

Aðalbraut 43, fnr. 216-7241, 675 Raufarhöfn, Norðurþing, þingl. eig. Kristín Ásgeirsdóttir, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Vörður tryggingar hf, mánudaginn 18. janúar 2010, kl. 10:00.

Aðalbraut 55, fnr. 216-7056, 675 Raufarhöfn, Norðurþing, þingl. eig. Nesbót ehf, gerðarbeiðandi Gildi-lífeyrissjóður, mánudaginn 18. janúar 2010, kl. 10:00.

Duggugerði 5, fnr. 216-6883, 675 Kópaskeri, Norðurþing, þingl. eig. Garðar Birgisson og Friðný Sigurðardóttir, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 18. janúar 2010, kl. 10:00.

Fjarðarvegur 37, fnr. 216-7790, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Jóhanna Helgadóttir, gerðarbeiðandi Ingvar Helgason ehf, mánudaginn 18. janúar 2010, kl. 10:00.

Geiteyjarströnd 1, lnr. 153555, 660 Mývatni, þingl. eig. Héðinn Sverrisson, gerðarbeiðandi NBI hf, mánudaginn 18. janúar 2010, kl. 10:00.

Lykilhótel, Skútustaðaskóli, fnr. 216-3343, 660 Mývatni, þingl. eig. Lykilhótel ehf, gerðarbeiðandi Byggðastofnun, mánudaginn 18. janúar 2010, kl. 10:00.

Lyngholt 34-40, fnr. 231-7436, 640 Húsavík, Norðurþing, þingl. eig. Bjarnahús ehf, gerðarbeiðendur A1988 hf og Mannvit hf, mánudaginn 18. janúar 2010, kl. 10:00.

Skógar 1, refahús, lnr. 154216, 671 Kópaskeri, Norðurþing, þingl. eig. Árni Logi Sigurbjörnsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Blönduósi, mánudaginn 18. janúar 2010, kl. 10:00.

Víðibakki, lnr. 154256, 671 Kópaskeri, Norðurþing, þingl. eig. Árni Logi Sigurbjörnsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, KEA, Sýslumaðurinn á Blönduósi og Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 18. janúar 2010, kl. 10:00.

Bryndís ÞH-164, sknr. 2488, þingl. eig. Frændur ehf, gerðarbeiðandi Arion banki hf, mánudaginn 18. janúar 2010, kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
12. janúar 2010.

## Atvinna

**ÞJÓNUSTULIÐI**
**RÆSTING**
**í Menntaskólanum í Kópavogi**

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Möguleiki á hlutastörfum.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari

## Tilkynningar

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS ALLA FIMMTUDAGA.
HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUMANN Í S. 512 5407

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Lambhagaland

Tillaga að deiliskipulagi Lambhagalands við Vesturlandsveg. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir Lambhagareit og nær deiliskipulagssvæðið til alls 14,8 ha. Alls er um að ræða 8 lóðir sem í aðalskipulagi eru skilgreindar sem ræktunarlóðir (garðyrkja og skyld starfsemi). Lagt er til að sérstaða svæðisins varðveitist sem mest í borgarmyndinni enda rík hefð fyrir ræktun innan reitsins. Markmiðið með tillögunni er að leggja fram heildstætt skipulag fyrir allar ræktunarlóðirnar þar sem gætt er samræmis varðandi mögulega landnotkun og byggingarmagn að teknu tilliti til mismunandi lóðastærða og aðstæðna innan hverrar lóðar. Búseta á lóðunum skal vera möguleg og því heimilt að byggja þar íbúðarhús. Áhersla er lögð á ræktun og grænt yfirbragð lóðanna og er því 1/3 hluti hverrar lóðar skilgreindur sem grænt svæði eða ræktunarsvæði.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Vínlandsleið 1

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, athafnasvæðis vegna lóðarinnar nr. 1 við Vínlandsleið. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir timburlager er komið fyrir á suðvesturhorni lóðarinnar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 13. janúar 2010 til og með 24. febrúar 2010**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. - Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 24. febrúar 2010. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 13. janúar 2010
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





*Ástkær móðir okkar,*

**Sigríður Sæmundsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Skjóli, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 23. desember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 3. hæðar á Hjúkrunarheimilinu Skjóli fyrir hlýju og góða umönnun.

**Sæmundur Árnason**
**Guðríður Árnadóttir**
**Elísabet Árnadóttir**
**Svava Árnadóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Þórður Jónsson**

Dalbraut 27,

sem andaðist að morgni jóladags, verður jarðsunginn frá Áskirkju föstudaginn 15. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Bergmál, líknar- og vinafélag.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Margrét Anna Þórðardóttir**
**Bergur Jón Þórðarson** **Eydís Ólafsdóttir**
**Árnína Jónsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Haukur Bjarmi Óskarsson**

rafvirki,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut mánudaginn 11. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigríður Sigurðardóttir**
**Óskar Baldvin Hauksson** **Inga Jóna Friðgeirsdóttir**
**Sigurður Ferdinandsson** **Guðrún Matthíasdóttir**
**Reynir Jóhannsson** **Inga Rún Garðarsdóttir**
**börn og barnabörn.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Guðmundar Heiðars Guðjónssonar**

frá Bakkagerði, Ystaseli 21.

Guð blessi ykkur öll.

**Halldóra Sigurðardóttir**
**Heiðrún Ásta Guðmundsdóttir** **Andrew James Scrimshaw**
**Sigurjón Már Stefánsson**
**Ásta Sólveig Stefánsdóttir**
**Guðjón Guðmundsson**
**systkini og afastrákar.**



*Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,*

**Kristinn Freyr Arason**

Stekkjarhvammi 12, Hafnarfirði,

lést af slysförum fimmtudaginn 7. janúar.

**Ari Óskar Jóhannesson** **Ólöf Sigurlín Kristinsdóttir**
**Steinunn Aradóttir, Inga Nína Sigríður Jóhannsdóttir.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingunn Anna Hermannsdóttir**

lést á Hrafnistu Reykjavík mánudaginn 4. janúar. Jarðarförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 15. janúar kl. 13.00.

**Björn Jónasson**
**Herman Páll Jónasson**
**Finnbogi Jónasson**
**Gunnar Börkur Jónasson** **Dóra Hansen**
**Kristín Jónasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn,*

**Stefán Sörenson**

fyrrum háskólaritari,

sem andaðist að heimili okkar hinn 7. janúar sl. verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 15. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Perla Kolka.**



*Elsku hjartans sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Sigurður Jóhann Thorsteinsson**

lést miðvikudaginn 6. janúar. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 15. janúar kl. 13.00.

**Guðbjörg Elín Þórarinsdóttir**
**Dóra Thorsteinsson** **Sigurður Ólafsson**
**Geir Thorsteinsson** **Halldóra Æsa Aradóttir**
**Pjetur Stefánsson** **María Árnadóttir**
**Helga Sigríður Thorsteinsson** **Jón Helgi Jónsson**
**og systkinabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Anna Sigrún Snorradóttir**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 22. desember, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju, fimmtudaginn 14. janúar kl. 15.00.

**Birgir Þórhallsson**
**Snorri Sigfús Birgisson**
**Guðrún Sigríður Birgisdóttir** **Martial Nardeau**
**Þórhallur Birgisson** **Kathleen Bearden**
**og barnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erna Rafn Jónsdóttir**

verður jarðsungin frá Áskirkju, föstudaginn 15. janúar, kl. 11.00.

**Margrét Theodórsdóttir,**
**Halldór Jón Theodórsson,**
**Sigrún Edda Theodórsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

**HANNIBAL VALDIMARSSON FÆDDIST ÞENNAN DAG.**



*„Vinnubrögð verkalýðshreyfingarinnar, viðbrögðin gagnvart henni, þjóðfélagið sjálft, allt er orðið breytt og þó að flestu til hins betra, nema kannski við sjálf.“*

***Hannibal Valdimarsson (1903–1991) var formaður í tveimur stjórnmálaflokkum, Alþýðuflokknum og Samtökum frjálslyndra og vinstri manna og kosningabandalaginu Alþýðubandalaginu. Hannibal var einnig forseti Alþýðusambands Íslands 1954–1971.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**SUMARIÐ UNDIRBÚIÐ** Helga undirbýr þessa dagana þrítugasta Brúðubíls-sumarið en vinnur líka í öðrum verkefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BRÚÐUBÍLLINN: ÞRJÁTÍU ÁRA

## Mikið ævintýri

„Það heldur manni mjög ungum að vera svona mikið innan um lítil börn í svona mörg ár. Mér finnst þetta yndislega skemmtilegt starf og meðan mér þykir þetta gaman þá sé ég ekki fram á að hætta þessu,“ segir Helga Steffensen, stjórnandi Brúðubílsins, en í vor verða þrjátíu ár liðin síðan þessi fasti liður í borgarlífinu lagði upp í sína fyrstu ferð.

Brúðubíllinn frumsýnir tvær sýningar á hverju sumri, ferðast um Reykjavík í júní og júlí og heimsækir svo landsbyggðina í ágúst. Sýnt er á ýmsum útivistarsvæðum, görðum og við gæsluvelli og skóla. Sýningarnar krefjast töluverðs undirbúnings og þessa dagana er Helga að búa til brúður og skrifa handrit fyrir sumarið, ásamt Höllu Ólafsdóttur.

Helga segir Brúðubílinn hafa leikið stórt hlutverk í lífi sínu undanfarna þrjá áratugi. „Þetta hefur verið mikið og skemmtilegt ævintýri. Ég hef lagt mikið í Brúðubílinn og að sama skapi hefur hann gefið mér svo mikið. Ég er ástfangin af Brúðubílnum,“ segir hún og hlær.

Gríðarlegur fjöldi fólks hefur notið sýninga Brúðubílsins í gegnum tíðina, og segir Helga vart hægt að giska á tölur í því sambandi. „Einna skemmtilegast við þetta allt saman er að núna eru mörg af börnunum sem horfðu á sýningarnar á sínum tíma sjálf orðin foreldrar og því önnur kynslóð Brúðubíls-aðdáenda komin fram. Líklega eru ekki svo mörg ár í að þriðja kynslóðin komi fram,“ segir hún og skellir upp úr.

Spurð hvort það lýsi ekki talsverðri bjartsýni að starfrækja útileikhús í hinni heimsfrægu íslensku sumarveðráttu játar Helga því fúslega. „Allir sem koma að Brúðubílnum hafa alltaf verið mjög bjartsýnir. Aldrei hefur fallið niður heil sýning og aðeins einu sinni þurftum við að hætta í miðri sýningu. Það átti sér stað í Mosfellsbæ síðasta sumar, þegar skyndilega skall á hvílíkt ofsaveður að við héldum hreinlega að börnin myndu fjúka út í buskann. Ég held líka að vont veður sé bara nokkuð sjálfsagt í augum barnanna og þau eru ekkert að kippa sér upp við slíkt. Þau klæða sig bara vel,“ segir Helga.

Hún segist hlakka til sumarsins eins og allra annarra sumra síðustu ár. „Börnin eru strax farin að spyrjast fyrir um Brúðubílinn,“ segir Helga. **kjartan@frettabladid.is**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Gríms Bjarna Bjarnasonar**

fyrrverandi stöðvarstjóra Pósts og síma, Ólafsfirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hornbrekku, Ólafsfirði fyrir hlýhug og frábæra umönnun.

Með nýárskveðjum, Guð blessi ykkur öll.

**Hrafnhildur J. Grímsdóttir**
**Grímur Grímsson** **Valgerður S. Ebenesersdóttir**
**Sigurpáll Grímsson** **Ingibjörg K. Geirmundsdóttir**
**Bjarni Kr. Grímsson** **Brynja V. Eggertsdóttir**
**Sigurður Egill Grímsson** **Katrín B. Bergmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gott verð á frystivörum



1398 KR.KG

BÓNUS FROSNAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR



998 KR.KG

K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
*HAUSTSLÁTRUN 2008*




198 KR.KG

BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAVÆNGIR




40% AFSLÁTTUR

ÍF FROSNIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 598 KR.KG. 40% AFSLÁTTUR **359 kr.kg.**



258 KR.KG

K.S FROSIN LAMBASVIÐ



139 KR.STK

E.S. FROSIN HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 STK




359 KR.PK

E.S. FROSIÐ BROKKOLÍ 1 KG




359 KR.PK

E.S. BROKKOLÍ/GRÆNMETI 1 KG




498 KR.PK

E.S FROSIN JARÐARBER 1 KG

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGUR 12.00 -18.30



# ENDUR-ÓMUN

Rómað útskriftarverk **Leifs Þórs Þorvaldssonar** úr Fræði og framkvæmd vorið 2009 nú á Litla sviðinu.

Endurómun er hrein skynupplifun sem tekst að bjaga og teygja á skynfærum áhorfandans um leið og sýningin veitir okkur innsýn í nýjustu kenningar um mannsheilann.

**Aðeins tvær sýningar – 13. og 14. janúar**

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

**Viðvörun:** Flogaveiku fólki er ráðlagt frá því að sjá sýninguna vegna notkunar blikkljósa (strobe) í sýningunni sem þekkt er að geti framkallað flog eða aðra vanlíðan hjá flogaveikum.

Borgarleikhúsið


# Þrúðgur þrætudraugur

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**

Og það er byrjað á ný. Aftur hefur verið tekinn snúningur á Icesave og í hugum margra virðumst við vera komin á byrjunarreit. Nú á víst ekki að borga neitt, eða hvað? Samstaða sem fyrir nokkrum dögum virtist vera fyrir hendi um eitthvert lágmark er horfin út í veður og vind. Þeir sem þráðu ekkert heitar – fyrir hönd lýðræðisins og íslensku þjóðarinnar, fráleitt sína eigin – en að þjóðin fengi að greiða atkvæði, sjá nú á því alla meinbugi. Og þeir sem einu sinni töldu bestu mögulegu samningum náð telja að nú, einmitt nú, sé bestu mögulegu samningum náð. Og skynsemin liggur í valnum.



**HÆTTU,** hættu áður að hálsi þér sjálfum verði snaran snúin. Svo orti Jónas í kvæði sínu um galdraveiðina og þrúðga þrætudrauginn og svo var mælt í Lukku-Láka þegar orðgnóttin var orðin einum um of. Hættu, hættu.

**EFTIR** maraþonumræður á Alþingi, eftir ótal viðtöl, eftir mýmargar greinar, eftir fjölda frétta, eftir gnótt fréttaskýringa, eftir útskýringar á útskýringar ofan, þá stöndum við… tja, hvar? Hvar er Icesave-málið statt í dag? Hvort er það að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu eða ekki? Og um hvað á þá að kjósa? Eða er loksins að nást pólitísk samstaða um… hvað? Lágmarkstrygginguna? Að borga ekki neitt?

**RÉTT** upp hönd sem halda að í þjóðaratkvæðagreiðslu verði kosið um hvort borga eigi Icesave eða ekki? Neibbs, óekki. Um þetta verður kosið: „Lög nr. 1/2010 kveða á um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. Alþingi samþykkti lög nr. 1/2010 en forseti synjaði þeim staðfestingar. Eiga lög nr. 1/2010 að halda gildi?“ Einfalt og öruggt.

**EN** hvað ef lögin halda gildi? Hvað borgum við þá og hvenær? Hverjum? En ef þau verða felld úr gildi? Eru þá gömlu lögin í gildi? En ríkisábyrgð þeirra tekur ekki gildi nema Bretar og Hollendingar samþykki fyrirvarana. Og þeir eru búnir að hafna þeim. Hvaða lög gilda þá? Þarf þá að skipa nefnd? Eða förum við þá að borga samkvæmt gömlu lögunum? Borgum við alltaf? Um það verður í það minnsta ekki kosið.

**UMRÆÐAN** um Icesave hefur verið löng, flókin og leiðinleg. Það síðastnefnda skiptir sosum engu; þetta er mál sem verður að leysa og skemmtanagildi þess skiptir litlu. En stundum hvarflar að manni að kannski hafi tíminn og tækifærin til að leysa málin ekki verið nýtt. Frekar hafi menn þrúðgað þrætudrauginn í eiginhagsmunaskyni.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# menning

menning@frettabladid.is

### ! Áttu gluggaumslag?

*Góðir Íslendingar, nýtt leikrit Halls Ingólfssonar, Jóns Páls Eyjólfssonar og Jóns Atla Jónassonar, verður frumsýnt 22. janúar í Borgarleikhúsinu. Komið hefur verið fyrir kassa í anddyri Borgarleikhússins og er fólk hvatt til setja gluggaumslögin sín í kassann til að þau fái framhaldslíf í leikritinu. Ætlast er til að gluggaumslögin séu tóm.*

# Trommur og söngur

Sænski hjóna-dúettinn Wildbirds & Peacedrums heimsækir Ísland seinna í mánuðinum til þess að vinna og taka upp með ástralska tónlistarmanninum Ben Frost. Í leiðinni heldur dúettinn tónleika í Norræna húsinu föstudagskvöldið 22. janúar.

Wildbirds & Peacedrums skipa hjónin Andreas Werliin og Mariam Wallentin. Innihaldið í tónlistinni er rödd Mariam og trommusláttur Andreas með slettu af raftakti inn á milli. Útkomunni er best lýst sem tilraunakenndri blöndu af poppi, jass og blús. Þau kynntust 2004 og fóru fljótlega að spila saman. Tvær plötur eru komnar með þeim og bandið hefur túrað með liði eins og sænsku söngkonunni Lykke Li, danska bandinu Efterklang, og Bandaríkjamönnunum Bonnie Prince Billy og Deerhoof. Eftir dvöl þeirra hér hefja þau túr um Bandaríkin. Hildur Guðnadóttir mun hefja tónleikana hér.



**VINNA MEÐ BEN FROST** Wildbirds & Peacedrums

### > Ekki missa af …

Ljósmyndasýningunni Frakkland – landið mitt lýkur á sunnudaginn. Á sýningunni gefur að líta ljósmyndir Ungverjans André Kertész (1894), sem óhikað má kalla einn af burðarásum ljósmyndasögunnar. Hann settist að í París árið 1925 og hóf að skrásetja lífið og listina. Hann þótti ná fram mikilli dýpt úr hversdagslegum atburðum og gefa þeim lýrískan blæ. Sýningin er í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Þar er opið daglega frá kl. 12-19 og kl. 13-17 um helgar.



**GHOSTIGITAL** Á myndina vantar Finnboga Pétursson.

# Stafrænn stórbruni

Út er komin stafræna breiðskífan A Quiet Afternoon frá Ghostigital og Finnboga Péturssyni. Skífan hefur að geyma upptökur af tónleikum þríeykisins sem fram fóru á Iceland Airwaves í fyrra. Tónleikarnir fóru fram að Klapparstíg 33 þar sem verslunin Hamborg var til húsa og síðar Gallerí i8.

A Quiet Afternoon er eitt heilsteypt hljóðverk sem skapað var í reykmettuðu umhverfi síðdegis í Reykjavík. Tónleikarnir voru síður en svo hefðbundnir og minntu ekki síður á vettvang stórbruna nema hvað ekkert slökkvilið var sjáanlegt. Tónlistin er surgandi og ómstríður hljóðveggur sem kallast á við innilokunarkennd tónlistarmanna á borð við Brian Eno & Cluster, Chris & Cosey, Faust og áfergju hinna taktföstu Kongóbúa í Kononо No. 1 sem heimsóttu landann fyrir örfáum árum.

Ghostigital skipa sem áður þeir Einar Örn Benediktsson og Curver Thoroddsen. Þeir og Finnbogi Pétursson hafa áður unnið saman. A Quiet Afternoon er fjórða útgáfan með þeim, en fyrir voru Radium I & II (2007), Sirkus Requiem (2008) og Aero (með Skúla Sverrissyni 2008).


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Brennuvargarnir (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/1 kl. 20:00 Ö | Fös 22/1 kl. 20:00 Ö | Fös 5/2 kl. 20:00 Ö |
| Fim 21/1 kl. 20:00 Ö | Fim 28/1 kl. 20:00 | |

Sýningum fer fækkandi!

Oliver! (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 14/1 kl. 19:00 Ö | Lau 30/1 kl. 15:00 Ö | Sun 21/2 kl. 15:00 |
| Lau 16/1 kl. 15:00 Aukas. U | Lau 30/1 kl. 19:00 Ö | Sun 21/2 kl. 19:00 |
| Lau 16/1 kl. 19:00 Ö | Lau 6/2 kl. 15:00 Ö | Sun 28/2 kl. 15:00 |
| Lau 23/1 kl. 15:00 Aukas. U | Lau 6/2 kl. 19:00 Ö | Sun 28/2 kl. 19:00 |
| Lau 23/1 kl. 19:00 Ö | Sun 14/2 kl. 15:00 Ö | |
| Fös 29/1 kl. 19:00 Ö | Sun 14/2 kl. 19:00 Ö | |

Tryggið ykkur sæti - miðarnir rjúka út!

Sindri silfurfiskur (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 16/1 kl. 15:00 | Lau 23/1 kl. 15:00 | Lau 30/1 kl. 15:00 |
| Sun 17/1 kl. 16:00 | Sun 24/1 kl. 16:00 | Sun 31/1 kl. 15:00 |

Undurfalleg sýning fyrir yngri börnin. Miðaverð aðeins 1500 kr.

Gerpla (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 12/2 kl. 20:00 Frums. U | Lau 20/2 kl. 20:00 4. K Ö | Lau 27/2 kl. 20:00 6. K Ö |
| Lau 13/2 kl. 20:00 2. K U | Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas. Ö | Fös 5/3 kl. 20:00 7. K Ö |
| Fös 19/2 kl. 20:00 3 K Ö | Fös 26/2 kl. 20:00 5. K Ö | Lau 6/3 kl. 20:00 8. K Ö |

Miðasala hafin - tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!

Fíasól (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. U | Lau 20/3 kl. 13:00 U | Sun 21/3 kl. 15:00 |
| Sun 14/3 kl. 13:00 U | Lau 20/3 kl. 15:00 U | |
| Sun 14/3 kl. 15:00 U | Sun 21/3 kl. 13:00 Ö | |

Nú er hægt að kaupa miða á Fíusól!

Bólu-Hjálmar (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Mið 27/1 kl. 20:00 | Fim 28/1 kl. 20:00 |

Gestasýning Stoppleikhópsins. Aðeins tvær sýningar.



evrópu samvinna

Kynning á tækifærum og styrkjum í Evrópusamstarfi

Háskólatorgi 14. janúar 2010 kl. 15 - 18

Fulltrúar evrópskra og norrænna samstarfsáætlana og þjónustuskrifstofa standa fyrir kynningu á styrkja- og samstarfsmöguleikum sem Íslendingum standa til boða.
Kjörið tækifæri fyrir einstaklinga, skóla, fyrirtæki, stofnanir og samtök að kynna sér möguleika til samstarfs á flestum sviðum menntunar, menningar og atvinnulífs.

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Þjónusta og áætlanir sem kynntar verða á Háskólatorgi eru:

7. rannsóknaáætlun ESB ● Menntaáætlun ESB ● eTwinning rafrænt skólsamstarf
Evrópa unga fólksins ● Evróvísir - tækifæri fyrir ungt fólk ● EURES - evrópsk vinnumiðlun
Menningaráætlun ESB ● MEDIA kvikmynda-, sjónvarps- og margmiðlunaráætlun
Enterprise Europe Network ● Samkeppnis- og nýsköpunaráætlun ESB ● Norðurslóðaáætlun
NORA - norræna Atlantssamstarfið ● ESPON samstarfsnet um svæðaþróun
PROGRESS - jafnréttis og vinnumál ● Daphne III - gegn ofbeldi á konum og börnum
Almannavarnaáætlun ● Norrænt samstarf og styrkir

www.evropusamvinna.is

evrópu samvinna






NÁTTÚRUVERNDARSJÓÐUR PÁLMA JÓNSSONAR STOFNANDA HAGKAUPS

norden Nordic Culture Point

Borgarleikhúsið

NÝTT Í BÍÓ!
















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DYHAT MORGANS | kl. 4.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 - 7 - 8 - 10.20 | 10 |
| AVATAR 2D LÚXUS | kl. 4.40 - 8 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.40 - 5.50 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 5.50 | L |
| AVATAR 3D | kl. 6 - 9.20 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 9 | 10 |
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 10.10 | 12 |

facebook.com / smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DYHAT MORGANS | kl. 10 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 8 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 | L |
| AVATAR 2D | kl. 6 - 9 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE ROAD | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| TAKING WOODSTOCK | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 íslenskt tal | L |
| ALVIN & THE CHIPMUNKS 2 | kl. 6 - 8 - 10 enskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 5.30 - 8 - 10.35 | L |



NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus













LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DID YOU HEAR ABOUT THE MORGANS? | kl. 8 | L |
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 6 og 10.10 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 | L |
| AVATAR 3D - POWER | kl. 6, 9 og 10.20 | 10 |















SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WHIP IT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| BJARNFREÐARSON kl. 5:40 - 6:20 - 8 - 9 - 10:20 | | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| OLD DOGS | kl. 6 | L |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:30 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| RÓSARIDDARINN | kl. 5:30 ópera endurflutt | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:40 - 8 - 10 - 10:20 | L |
| WHIP IT | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ Ensku. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BJARNFREÐARSON | kl. 8 | L |
| SORORITY ROW | kl. 8 | 16 |

já -er svarið NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118




**AÐSTANDENDUR TÍSKUHÁTÍÐAR** Ingibjörg Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, situr fyrir miðju. Hátíðin á að stuðla að sýnileika íslenskrar hönnunar á erlendum vettvangi. MYND/HÖRÐUR ELLERT ÓLAFSSON

# Vilja byggja upp orðspor íslenska tískuiðnaðarins

**Reykjavík Fashion Festival er viðburður sem stofnað var til af nokkrum einstaklingum sem eiga það sameiginlegt að starfa á sviði hönnunar og tónlistar. Viðburðurinn á að stuðla að sýnileika íslenskrar tísku og hönnunar á erlendum vettvangi og auka samstarf meðal íslenskra hönnuða og listamanna.**

Þeir sem koma að skipulagningu Reykjavík Fashion Festival eru meðal annars E-Label, Nikita, Birna, Thelma-Design, Mundi Design og Faxaflói auk annarra. Hátíðin verður haldin dagana 19. og 20. mars og að sögn skipuleggjenda hátíðarinnar verður dagskráin fjölbreytt og spennandi. Erlendum fjölmiðlamönnum verður meðal annars boðið á hátíðina til að tryggja góða umfjöllun í erlendum fjölmiðlum.

„Hópurinn hefur verið að vinna að þessu síðan í september og það hefur verið mikið að gera hjá okkur undanfarið við allan undirbúning. Þeir sem standa að þessu hafa allir mjög góð sambönd innan tískuheimsins, bæði hér heima og erlendis, sem við ætlum að nýta okkur til að gera viðburðinn glæsilegan úr garði. Svo mun viðburðafyrirtækið Faxaflói sjá um tónlistaratriði sem taka við seinna um kvöldið," útskýrir Ingibjörg Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Fashion Festival. Hún segir mikilvægt að bæta ímynd tískuiðnaðarins á Íslandi eftir Iceland Fashion Week, sem margir töldu vera klúður.

Ingibjörg segir hönnuði geta sótt um þátttöku á heimasíðu hátíðarinnar innan skamms en segir þátttöku einhverjum takmörkunum háð. „Við gerum ráð fyrir að um tuttugu manns geti tekið þátt nú í ár og er það vegna þess að húsnæðið rúmar ekki fleiri en vonandi eykst sá fjöldi á næstu árum."

Sérstakur kynningarfundur verður haldinn í Hafnarhúsinu á morgun og hefst hann klukkan 20.00. Ingibjörg hvetur alla hönnuði til að mæta á fundinn og kynna sér viðburðinn. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um RFF á vefsíðunni www.rff.is.

- sm


ERTU ORKULAUS? Viltu finna orkubreytingu STRAX!




Énaxin total er frábær jurtaformúla með Rhodiolu ásamt dagskammti af vítamínum og steinefnum

Þægilegt, aðeins 1 tafla á dag

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða.



Auglýsingasími 512 5050




– Mest lesið


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 13. janúar 2010**

### Hláturjóga

**12.00** Boðið verður upp á hláturjóga í **Guðríðarkirkju** í Grafarvogi. Þessi viðburður er í tengslum við hamingjuhádegi sem kirkjan býður upp á alla miðvikudaga í vetur. Kaffiveitingar á staðnum. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

### Málstofa

**15.15** **Lagastofnun HÍ** stendur fyrir Málstofu undir yfirskriftinni **„Á þjóðin að setja lög"** í **Lögbergi** við Sæmundargötu 8 (st. 101). **Eiríkur Tómasson**, **Björg Thorarensen** og **Gunnar Helgi Kristinsson** flytja erindi.

### Handverkskaffi

**20.00** **Menningarmiðstöðin Gerðubergi** (Gerðubergi 3-5) stendur fyrir handverkskaffi. **Edda Lilja Guðmundsdóttir** textílkennari sýnir 52 húfur sem hún hefur prjónað og heklað. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.



### Tónlist

**12.15** **Fríkirkjan í Reykjavík** býður upp á hádegistónleika alla miðvikudaga. Umsjón hefur **Gerrit Schuil**. Enginn aðgangseyrir.

**21.00** Hljómsveitakeppnin **„Global Battle Of The Bands"** fer fram á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

### Fyrirlestrar

**12.00** **Dagbjört Brynja Harðardóttir** flytur erindi um heilsu og vinnuskipulag hjá heilbrigðisstofnunum. Fyrirlesturinn fer fram hjá **Háskólanum á Akureyri**, Sólborg við Norðurslóð (L 201).



**SÁLIN** Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns spilar í Háskólabíói á laugardaginn.

## Tólftu tónleikarnir

Sálin hans Jóns míns, Ingó og Veðurguðirnir, Buff, Jóhanna Guðrún og félagarnir Friðrik Ómar og Jógvan verða á meðal þeirra sem koma fram á tónleikum í Háskólabíói á laugardaginn til styrktar krabbameinssjúkum börnum. Þetta er í tólfta sinn sem tónleikarnir eru haldnir og eins og áður munu allir sem koma að tónleikunum gefa vinnu sína. Á undanförnum árum hafa yfir 30 milljónir króna safnast á þessum tónleikum og nú er markmiðið að sú upphæð hækki í 32,5 milljónir króna. Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 16 og fer miðasala fram á Midi.is. Það eru Concert og EB Kerfi sem standa fyrir tónleikunum í samvinnu við Midi.is og Háskólabíó.



**KK** Kristján Kristjánsson heldur tvenna tónleika á Café Rosenberg 28. og 29. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# KK endurvekur gamla stemningu

„Þetta verður æðislega gaman,“ segir tónlistarmaðurinn KK sem heldur tvenna tónleika á Café Rosenberg dagana 28. og 29. janúar. Á efnisskránni verða fyrstu tvær plötur KK, Lucky One og Bein leið, og með KK á sviðinu verða þeir tónlistarmenn sem spiluðu með honum á plötunum. „Það er ofsalega gaman að geta gert þetta með alla „orginal“ karlana með,“ segir KK.

Lögin á plötunum verða spiluð í réttri röð. Byrjað verður á titillaginu Lucky One og svo heldur hver slagarinn áfram á fætur öðrum.

Lucky One kom út árið 1991 og Bein leið árið eftir og með þeim stimplaði KK sig inn í íslenskt tónlistarlíf svo um munaði. Báðar plöturnar nutu mikilla vinsælda og til að mynda voru þær báðar ofarlega í valinu á hundrað bestu plötum Íslandssögunnar.

Fyrst stíga á svið með KK á tónleikunum þau Eyþór Gunnarsson, Þorleifur Guðjónsson, Ellen Kristjánsdóttir, Matthías Hemstock og Stefán Magnússon, sem komu öll við sögu á Lucky One. Næstir á svið verða síðan Þorleifur Guðjónsson, Kormákur Geirharðsson og Jakob Frímann Magnússon, sem spiluðu undir á Beinni leið. Jakob var þá menningarfulltrúi í London en ferðaðist til Wales til að aðstoða við upptökurnar.

Tónleikarnir hefjast kl. 21 bæði kvöldin og er miðasalan hafin á síðunni Grapewire.is. - fb

# Fimm ára bið á enda

Hljómsveitin Leaves spilar á sínum fyrstu tónleikum í Bretlandi í fimm ár á fimmtudaginn í næstu viku. Þá verður haldið norrænt tónleikakvöld á staðnum The Lexington undir yfirskriftinni Ja Ja Ja. Þar munu einnig koma fram Sudden Weather Change og norska sveitin Simon Says No! Þetta verða einnig fyrstu tónleikar Leaves erlendis í þrjú ár, eða síðan sveitin spilaði í Litháen árið 2007.



**LEAVES** Hljómsveitin Leaves heldur sína fyrstu tónleika í Bretlandi í fimm ár í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Söngvarinn Arnar Guðjónsson hlakkar mikið til að komast loksins út. „Algjörlega. Sérstaklega núna þegar það er svona rafmagnað andrúmsloft í Bretlandi. Þetta gæti ekki verið betra,“ segir hann og á þar að sjálfsögðu við Icesave-deiluna. - fb





Málfundir...

...um háskólamál og rannsóknir

Föstudaginn 15. janúar kl. 13 - 16 í Norræna húsinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið með Vísinda- og tækniráði og Rannsóknastofu um háskóla stendur fyrir málfundum um framtíð háskóla og rannsókna. Markmiðið er að vinna að sameiginlegum skilningi á aðstæðum háskóla og rannsóknastofnana í samfélagi okkar og móta sýn um uppbyggingu og samstarf menntunar og rannsókna í landinu.

**Gæði og fjármögnun rannsókna**

**Fundarstjóri** Guðrún Nordal, *formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs*

Dagskrá:

**Stefna Vísinda- og tækniráðs 2010 til 2012**
Katrín Jakobsdóttir, *mennta- og menningarmálaráðherra*
**Gæðamat á vísindastarfi skóla, deilda og einstaklinga og tengsl þess við fjárveitingar**
Karl Tryggvason, *yfirmaður rannsókna við Karolinska Institutet*
**Gæði - eiginleiki, ferli eða afrakstur?**
Allyson Macdonald, *prófessor við Háskóla Íslands*
**Hafrannsóknir í þágu þjóðar**
Jóhann Sigurjónsson, *forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar*

**Boðið verður upp á léttar veitingar.**

***Næsti málfundur: Fjármögnun háskólastofnana verður föstudaginn 22. janúar kl. 13-16 í Norræna húsinu.***

Mennta- og menningarmálaráðuneytið



## > Valsstúlkur unnu toppslaginn

Það var sannkallaður stórleikur í N1-deild kvenna í gær þegar Fram tók á móti Val. Valsstúlkur voru sterkari í leiknum og unnu þriggja marka sigur, 25-22. Valur náði um leið þriggja stiga forskoti á toppi deildarinnar en stúlkurnar hafa ekki tapað leik í vetur. Ágústa Edda Björnsdóttir og Hrafnhildur Skúladóttir voru atkvæðamestar í liði Vals með 5 mörk. Stella Sigurðardóttir og Karen Knútsdóttir skoruðu síðan báðar 6 mörk fyrir Framstúlkur.



# sport

sport@frettabladid.is

HANDKNATTLEIKSKAPPINN ÞÓRIR ÓLAFSSON: MISSIR AF EM Í AUSTURRÍKI VEGNA MEIÐSLA

# *Hélt ég væri alveg laus við þessi meiðsli*

Hornamaðurinn knái, Þórir Ólafsson, varð fyrir miklu áfalli á æfingu í gærmorgun. Þá tóku sig upp hjá honum meiðsli í kálfa sem hann hélt hann væri laus við. Meiðslin eru það alvarleg að Þórir mun þurfa að fylgjast með mótinu úr sófanum.

„Þetta er alveg hrikalega svekkjandi. Það er ekki hægt að neita því. Ég hef farið varlega í sakirnar og taldi mig vera orðinn góðan af meiðslunum. Það reyndist því miður ekki vera þannig," sagði Þórir, vitanlega súr og svekktur. Hann hafði verið að æfa með Haukum um síðustu helgi án þess að kenna sér meins.

„Ég lendi í smá samstuði og þá kemur einhver stingur í þetta. Það er einhver blæðing í kálfanum og málið nógu alvarlegt til þess að ég missi líklega af EM," sagði Þórir sem meiddist upprunalega á kálfanum í leik í Þýskalandi 8. febrúar.

„Ég var orðinn 90-95 prósent góður og afar bjartsýnn að ná mótinu. Ég verð væntanlega ekkert sérstaklega lengi frá og við sjáum eftir nokkra daga hvernig þetta verður. Ég mun hugsanlega vera áfram í meðferð hér heima enda fæ ég betri meðferð hér heldur en ytra," sagði Þórir sem stefnir á að horfa á mótið á Íslandi í stað þess að fara út og horfa á ofan úr stúkunni.



„Ég er búinn að stefna að þessu móti mjög lengi. Það verður erfitt að kveikja á sjónvarpinu og horfa á frekar en að vera á vellinum að spila. Það verður alveg djöfullegt," sagði Þórir sem lék einstaklega vel fyrir liðið í undankeppni EM og hefði klárlega verið í nokkuð stóru hlutverki í Austurríki.

„Ég fann það frá þjálfaranum að hann bar traust til mín. Ég verð bara að stefna á HM í Svíþjóð að ári. Það er ekkert annað að gera. Ég neita því samt ekki að það hefði verið rosalega gaman að vera með í Austurríki," sagði Þórir.

Hann leikur með TuS N-Lubbecke í þýsku úrvalsdeildinni en þar hefur hann farið mikinn í vetur og líklega aldrei verið betri en núna.

*Enska bikarkeppnin:*

| | |
|---|---|
| Coventry-Portsmouth | 1-2 e. framlengingu |
| 1-0 Leon Best (22.), 1-1 Stephen Wright, sjm (90.), 1-2 Aaron Mokoena (120.) | |
| Birmingham-Nott. Forest | 1-0 |
| 1-0 Barry Ferguson (62.) | |
| Bristol-Cardiff | 1-1 |
| Derby-Millwall | 1-1 (6-4 e. vítaspyrnukeppni) |
| QPR-Sheff. Utd | 2-3 |



**MARKI FAGNAÐ** Leikmenn Coventry fagna marki Leons Best í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enski bikarinn:

## Portsmouth skreið áfram

**FÓTBOLTI** Fimm leikir fóru fram í þriðju umferð ensku bikarkeppninnar í gær. Mesta athygli vakti Íslendingaslagur Coventry og Portsmouth.

Lengi vel leit út fyrir að mark Leons Best myndi duga Coventry til sigurs en Stephen Wright varð fyrir því óláni að tryggja Portsmouth framlengingu með sjálfsmarki.

Það var síðan í uppbótartíma framlengingar sem Aaron Mokoena tryggði Portsmouth sigurinn.

**- hbg**

# Fáum stuðninginn beint í æð í kvöld

## Strákarnir okkar kveðja þjóðina í Höllinni í kvöld þegar landsliðið mætir Portúgal fyrir framan vonandi troðfulla höll. Guðmundur Guðmundsson landsliðþjálfari segir leik sem þennan vera næringu fyrir liðið.

**HANDBOLTI** Það verður fjör í Höllinni í kvöld þegar Ísland mætir Portúgal í eina æfingalandsleik liðsins á Íslandi fyrir Evrópumótið sem hefst í Austurríki eftir rétt tæpa viku. Ísland vann tvo sigra í Þýskalandi um helgina og tekur síðan þátt í hraðmóti í Frakklandi um næstu helgi.

„Það hefur gefið okkur mikið að spila þessa leiki. Það hefur myndast ótrúleg stemning í Höllinni og í síðasta leik á móti Makedóníu var stemningin ólýsanleg," segir Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari og vísar þá í 34-26 sigur síðasta sumar sem tryggði liðinu farseðilinn til Austurríkis. Leikurinn á móti Portúgal hefst klukkan 20.15 í Laugardalshöllinni í kvöld.

„Það gefur okkur svakalega mikið og þess vegna væri frábært að fylla höllina og fá þessa stemningu sem hefur verið. Það myndi gefa okkur ákveðna næringu og þá finnum við fyrir þessum stuðningi þjóðarinnar sem við vonumst að verði áfram eins og alltaf. Þá fáum við hann beint í æð sem væri stórkostlegt," segir Guðmundur og bætir við:

„Þetta er stórkostleg stemning og bara upplifun þegar þetta hefur verið best. Við stefnum á það að gefa allt í þennan leik og spila vel," segir Guðmundur.



**BROSMILDUR** Það var létt yfir Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara á blaðamannafundi í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenska liðið vann Þjóðverja tvívegis um helgina og er greinilega rétt gírað fyrir EM.

„Við fengum mjög gott próf á liðið um helgina. Þetta voru mjög erfiðir leikir sem reyndu mikið á liðið en við fengum mjög góð svör. Nú er bara að fá það sem upp á vantar og það gerist í leiknum á morgun," segir Guðmundur sem segir það mikilvægt að halda liðinu á jörðinni. „Það þurfa allir að gera sér grein fyrir því að þetta voru fínir sigrar en þetta voru bara æfingaleikir og þeir telja ekki á EM," segir Guðmundur.

Logi Geirsson er tæpur fyrir EM og það ræðst endanlega í kvöld hvort hann fari með.

„Hann þarf að vera tilbúinn að fara í gegnum erfitt mót og ef ekki eru það bara aðrir sem taka upp merkið. Hann var ekki með í Þýskalandi og það voru aðrir menn sem stóðu sig mjög vel þar. Svona er þetta bara," segir Guðmundur og bætir við:

„Við erum öllu vanir. Það er búið að vera mjög erfitt eftir Ólympíuleika þar sem við höfum verið með allt frá fimm upp í níu menn meidda. Við erum búnir að ganga í gegnum ákveðna prófraun hvað það varðar og það var kannski þegar upp var staðið bara mjög gott fyrir okkur að fá það," segir Guðmundur sem tilkynnir endanlegan hóp á morgun.

„Logi er síðasta spurningarmerkið í þessu en síðan vel ég bara liðið eftir leikinn. Það er ekki eftir neinu að bíða með það," segir Guðmundur.

**ooj@frettabladid.is**




FK
FJARÐARKAUP

# LEIKUR

## VILTU VINNA?

**1. vinningur: 100.000 kr. vöruútekt í Fjarðarkaup**
**2-10 vinningur: 30.000 kr. vöruútekt í Fjarðarkaup**

**Kauptu eitthvað af þessum vörumerkjum og festu kassakvittunina við þátttökuseðilinn**

# KYNNING
**á Chicago Town pizzum**
**fimmtudag, föstudag og laugardag**







Nú er **leikur**
í Fjarðarkaupum

**Þátttökuseðill**

FK
FJARÐARKAUP

Festu kassakvittunina við þátttökuseðilinn og settu miðann í þar til gerða kassa í Fjarðarkaupum og þú ert komin/n í hóp líklegra vinningshafa.

**Dregið 5. feb. 2010**

Nafn:
Heimilisfang:
Sími:
Netfang:

FK
FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag



> **Oprah Winfrey**

„Það er nóg til af fólki sem vill fá far með þér í limósínu en það skiptir meira máli að þekkja einhvern sem tekur með þér strætó ef hún bilar.“

***Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 20.10 Oprah's Big Give, nýja þætti úr smiðju Winfrey þar sem er keppt í gjafmildi.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ATLI FANNAR BJARKASON VILL SJÁ ÍSLENSKT DAILY SHOW

## *Mótvægi vel þegið*



Stöð 2 byrjaði loksins að sýna pólitíska satírubáttinn Daily Show á ný í gær. Þátturinn er bæði merkilegur og mikilvægur, en þáttastjórnandanum Jon Stewart og félögum hefur tekist að auka áhuga ungs fólks á daufgráum heimi stjórnmálanna og þjóðfélagsumræðunni almennt. Ungir Bandaríkjamenn taka þátt og fylgjast með og árangurinn er augljós, enda var vonarstjarnan Barack Obama kjörinn forseti Bandaríkjanna á síðasta ári.

Það vantar íslenskan þátt eins og Daily Show. Fyrir þau sem hafa ekki séð þáttinn, þá er *nánast* hægt að segja að hann sé blanda af 60 mínútum og Fóstbræðrum. Fyndnar og dramatískar fréttaskýringar um léttvæg mál eins og kynhegðun eldri borgara í Flórída er með því betra sem ég hef séð í þáttunum. Svo ekki sé minnst á innslagið um eina „hermann“ Íslands, sem reyndist vera ung ljóshærð stúlka – Bandaríkjamönnum til mikillar skelfingar. Alvaran er þó aldrei langt undan og Jon Stewart hefur sýnt frábæra takta þegar hann rekur garnirnar úr til dæmis stjórnmála- og fréttamönnum.

„Almennar“ fréttir í dag eru því miður sorglega leiðinlegar. Upplýsingum er almennt miðlað til fólks á steingeldan og litlausan hátt og fyrir vikið er erfiðara að fá ungt fólk til þess að fylgjast með. Það er varla hægt að gera þá kröfu til fjölmiðla að *poppa upp* maníískt þunglyndu Icesave-umræðuna, en mótvægi væri vel þegið í íslensku sjónvarpi. Ekki segja að mótvægið sé þegar til í Spaugstofunni. Hún á flotta spretti, en fjórir hvítir miðaldra karlmenn eru varla til þess fallnir að auka áhuga ungs fólks á málefnum líðandi stundar. Jafnvel þó að þeir geti hermt vel eftir Davíð Oddssyni.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **20.10** Ísland – Portúgal, beint SJÓNVARPIÐ



▶ **20.55** America's Next Top Model SKJÁR EINN



▶ **21.40** Medium STÖÐ 2



▶ **21.50** Chuck STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00** Crank STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... - Maðurinn** (16:26)(e)
**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Finnbogi og Felix.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Landsleikur í handbolta** Bein útsending frá leik Íslendinga og Portúgala í handbolta karla.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Niður í svart** (Fade to Black) Bandarísk heimildamynd frá 2004. Rapparinn og athafnamaðurinn Jay-Z lítur yfir feril sinn. Höfundar myndarinnar eru Patrick Paulson og Michael John Warren og við sögu koma, auk Jay-Z, Mary J. Blige, Sean 'P. Diddy' Combs, Missy Elliott, Beyoncé Knowles, Usher, Rick Rubin, Kanye West og margir fleiri.
**00.15 Viðtalið** (Gerald J. Austin) (e)
**00.45 Kastljós** (e)
**01.25 Lögin í söngvakeppninni** Leikin verða lögin tvö úr síðasta þætti sem komust í úrslit.
**01.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Murderball**
**10.00 Shopgirl**
**12.00 Wide Awake**
**14.00 Murderball**
**16.00 Shopgirl**
**18.00 Wide Awake**
▶**20.00 10 Things I Hate About You** Rómantísk gamanmynd með Heath Ledger og Juliu Stiles í aðalhlutverkum.
**22.00 Crank** Leigumorðinginn Chev Chelios hefur verið byrlað eitur af keppinauti sínum og mun deyja ef hann slakar á. Aðalhlutverk: Jason Statham
**00.00 Yes**
**02.00 Kin**
**04.00 Crank**
**06.00 Letters from Iwo Jima**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Dynkur smáeðla, Ruff's Patch, Nornafélagið og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Supernanny** (15:20)
**11.45 Gilmore Girls** (1:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Worst Week** (6:16)
**13.25 Ally McBeal** (13:23)
**14.10 Sisters** (14:28)
**15.00 E.R.** (3:22)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Nornafélagið og Dynkur smáeðla.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (13:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (13:21)
**19.45 Two and a Half Men** (3:24)
**20.10 Oprah's Big Give** (2:8) Þáttaröð úr smiðju sjónvarpsdrottningarinnar Opruh Winfrey þar sem tíu ólíkir einstaklinga keppa innbyrðis í gjafmildi.
**20.55 Mercy** (1:22) Ný dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER.
▶**21.40 Medium** (18:19) Miðillinn Allison Dubois sér í draumum sínum atburði sem enn hafa ekki átt sér stað.
**22.25 Tell Me You Love Me** (1:10) Djarfir þættir frá HBO sem fjalla um þrjú pör sem eiga það sameiginlegt að eiga í erfiðleikum í samböndum sínum. Þau leita öll til sama hjúskapar- og kynlífsráðgjafans, Dr. May Foster.
**23.20 The Mentalist** (7:23)
**00.05 The Closer** (2:15)
**00.50 E.R.** (3:22)
**01.35 Sjáðu**
**02.05 Black River**
**03.30 Mercy** (1:22)
**04.15 Medium** (18:19)
**05.00 The Simpsons** (13:21)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Coventry - Portsmouth** Útsending frá leik í enska bikarnum.
**16.55 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**17.55 Coventry - Portsmouth** Útsending frá leik í enska bikarnum.
**19.35 Liverpool - Reading** Bein útsending frá leik í enska bikarnum.
**21.35 Mónakó - Montpellier** Bein útsending frá leik í franska boltanum.
**23.15 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá Einvíginu á Nesinu en þar kepptu margir af bestu kylfingum landsins í karla og kvennaflokki.
**00.05 Liverpool - Reading** Útsending frá leik í enska bikarnum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Man. City - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.40 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**20.35 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**21.05 Birmingham - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.45 Hull - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.20 Girlfriends** (6:23) (e)
**16.45 Top Design** (5:10) (e)
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Fréttir** Fréttir og veður.
**18.30 The Truth About Beauty** (e)
**19.30 Fréttir** (e)
**19.45 King of Queens** (11:25) (e)
**20.10 One Tree Hill** (2:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Haley reynir að bjarga Red Bedroom Records og Brooke leitar að nýju andliti fyrir fatalínuna sína. Nathan er í vondum málum og Clay reynir að koma honum til varnar.
▶**20.55 America's Next Top Model** (12:13) Það er komið að úrslitaþættinum. Þær tvær stúlkur sem eftir eru þurfa að leggja allt undir til að heilla dómarana. Eddie Murphy er meðal gesta á síðustu tískusýningunni.
**21.45 Lipstick Jungle** (12:13) Þáttaröð um þrjár valdamiklar vinkonur í New York. Wendy kemst að því að Shane er enn þá að íhuga að fara á tónleikaferðalag með Natöshu Bedingfield. Nico lendir í vandræðum í vinnunni og Victory reynir að finna fullkomna leið til að biðja Joe að giftast sér.
**22.35 The Jay Leno Show** Spjallþáttakóngurinn Jay Leno tekur á móti góðum gestum og slær á létta strengi.
**23.20 CSI: Miami** (10:25) (e)
**00.10 King of Queens** (11:25) (e)
**00.35 Premiere League Poker** (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Maturinn og lífið** Fritz M Jörgensson ræðir við gest sinn um lífið og tilveruna.
**20.30 Neytendavaktin** Í umsjón Ragnhildar Guðjónsdóttur.
**21.00 60 plús** Þáttur á ljúfum nótum um aldna unglinga. Umsjón sr. Bernharð Guðmundsson, Guðrún Guðlaugsdóttir og Tryggvi Gíslason.
**21.30 Björn Bjarna** Þáttur í umsjón Björns Bjarnasonar þar sem tekið er á öllu því helsta í þjóðfélagsumræðunni.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.






TÓNVINNSLUSKÓLINN
ProTools-skólinn á Íslandi
Upptöku- og útsetninganámskeið vor 2010
● Tónvinnslunámskeiðið hefst í febrúar ● Farið verður í ProTools 101 og ProTools 110
● Prufuupptökugerð (demo) í Midi-umhverfi ProTools og forritin Reason og Melodine kynnt
● Upptökur á frumsömdu lagi í hljóðveri með hljóðfæraleikurum
● Masterclass í hljóðblöndun í ProTools (EQ, Compressors, Reverb, Delay, Chorus, o.fl.)
TÓNVINNSLUSKÓLINN
Sponsored Digidesign School
digidesign
PRO TOOLS
Skráning er hafin á slóðinni www.tonvinnsluskoli.is eða í síma 5349090

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.55

### Mercy - NÝTT

Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey. Þær eru allar einhleypar eða í samböndum sem færa þeim litla ánægju enda verja þær alltof miklum tíma í vinnunni þar sem baráttan upp á líf og dauða er daglegt brauð.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Liverpool - Reading

### Stöð 2 sport kl. 19.35

Stöð 2 sport sýnir beint frá leik Liverpool og Reading í ensku bikarkeppninni en liðin skildu jöfn, 1-1, á heimavelli Reading fyrir skömmu og mætast nú á nýjan leik á heimavelli Liverpool. Fjórir Íslendingar eru á mála hjá Reading og búast má við þeim Ívari Ingimarssyni og Gylfa Þór Sigurðssyni í byrjunarliðinu en einnig leika með liðinu Brynjar Björn Gunnarsson og Viktor Unnar Illugason.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Við fótskör meistarans
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Óðurinn til frelsisins
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Dagur ungra fræðimanna í Evrópumálum
**00.05** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 The O.C. 2** (23:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**18.30 Seinfeld** (8:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 The O.C. 2** (23:24)

**20.30 Seinfeld** (8:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 Chuck** (19:22) Chuck Bartowski lifði fremur óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.

**22.35 Hung** (2:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO. Ray Drecker, skólaliðsþjálfari á fimmtugsaldri, reynir fyrir sér á nýjum vettvangi þar sem hann selur einmana konum blíðu sína.

**23.05 The Unit** (10:11) Þættir um störf leynilegrar úrvalsveitar bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu ferðir sem upp koma.

**23.50 Fréttir Stöðvar 2**

**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** My Family **12.35** Blackadder II **13.05** My Hero **13.35** Doctor Who **14.20** Doctor Who **15.05** The Green Green Grass **15.35** Dalziel and Pascoe **16.25** The State Within **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** My Hero **19.00** This Is Dom Joly **19.30** This Is Dom Joly **20.00** New Tricks **20.50** Ashes to Ashes **21.40** This Is Dom Joly **22.10** Only Fools and Horses **22.40** My Family **23.10** Blackadder II **23.40** My Hero

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **13.00** Ha' det godt **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Svampebob Firkant **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Hulter til bulter - med Louise og Sebastian **16.55** Kæledyr for viderekomne **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren. Slotsfruer **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** Onsdags Lotto **22.50** OBS **22.55** Livvagterne **23.55** Boogie Mix

## NRK 1

**10.20** Forkveld **11.00** NRK nyheter **11.10** Herskapelige gjensyn **11.40** Viten om **12.10** Urix **12.30** Filmavisen 1959 **12.40** Med hjartet på rette staden **13.30** 330 skvadronen **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** V-cup skiskyting **17.50** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** FBI **19.15** Folk. Kjærlighet på liv og død **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Man on Wire **23.45** Arabiske tv-dronninger

## SVT 1

**12.35** Don Robertos skugga **13.40** Fest i byn **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Radiohjälpen **16.05** Inför Idrottsgalan 2010 **16.10** Skidskytte **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Morden i Midsomer **21.35** Nip/Tuck **22.20** Ebbe - the movie **23.45** Janna & Liv



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta helst á Rás 2 eða bara eitthvað gott af Youtube. Ég hlusta á Mugison, Sigur Rós og stundum Damien Rice. Síðan er kvikmyndatónlistin úr Once alveg yndisleg.“*

Thelma Jónsdóttir hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

# Eve leikur ársins hjá reynsluboltunum

„Þetta er elsta harðkjarnasíðan í þessum bransa. Við kunnum mjög vel að meta að hafa verið valin,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP, sem framleiðir tölvuleikinn EVE Online.

EVE Online var í vikunni valinn leikur ársins hjá vefsíðunni mmorpg.com, sem er ein sú stærsta sinnar tegundar heiminum. „Þetta er sá blaðamannahópur sem erfiðast er að gera til geðs,“ segir Hilmar. „Þeir eru búnir að vera í þessum bransa í áratugi og kalla ekki allt ömmu sína.“

EVE Online er fjölspilunarleikur þar sem þúsundir notenda spila á sama tíma í sýndarheimi á Netinu. Leikurinn War of Worldcraft er stærsti fjölspilunarleikur heims, en hann hafnaði í öðru sæti í vali reynslubolta vefsíðunnar mmorpg.com.

Aðspurður segir Hilmar að afrekið sé sérstakt vegna þess að EVE kom út árið 2003. „Það komu út nokkrir nýir og ferskir leikir í fyrra. Að við séum að taka þá í bakaríið er gaman,“ segir Hilmar á léttu nótunum. CCP sendi frá sér tvær uppfærslur fyrir EVE Online í fyrra sem féllu sérstaklega vel í kramið hjá gagnrýnendum og notendum.

Takmark Hilmars og félaga hjá CCP hefur verið að ná notendafjölda EVE Online fram úr fjölda Íslendinga. Takmarkinu er náð í dag, áskrifendurnir eru orðnir fleiri en 330.000, en Íslendingar eru tæplega 318.000. „Það var svakalegur ágangur í EVE um jólin. Leikurinn hefur tekið góðan vaxtarkipp,“ segir Hilmar.

Eru þið komin með nýtt takmark?

„Við erum ekki alveg búin að „tjúna næsta target“ en eins og gangurinn er núna og viðurkenningin sem leikurinn er að fá þetta gamall, þá er augljóst að EVE hefur tækifæri til að fara talsvert hærra en í okkar villtustu draumum í upphafi.“



**LEIKUR ÁRSINS** EVE Online var valinn leikur ársins hjá reynsluboltum vefsíðunnar mmorpg.com. Hilmar Veigar, forstjóri CCP, er ánægður með sigurgöngu Eve Online.



**LÁRÉTT**
**2.** glansa, **6.** þys, **8.** mælieining, **9.** gerast, **11.** tveir eins, **12.** nafnbætur, **14.** kriki, **16.** tveir eins, **17.** gaul, **18.** stansa, **20.** þessi, **21.** þekkja leið.

**LÓÐRÉTT**
**1.** löngun, **3.** 950, **4.** planta, **5.** fiskur, **7.** möttull, **10.** skammstöfun, **13.** hluti kynfæra, **15.** klúryrði, **16.** hugfólginn, **19.** strit.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gljá, **6.** ys, **8.** mól, **9.** ske, **11.** ll, **12.** titla, **14.** kverk, **16.** kk, **17.** gól, **18.** æja, **20.** sá, **21.** rata.

**LÓÐRÉTT: 1.** lyst, **3.** lm, **4.** jólarós, **5.** áll, **7.** skikkja, **10.** etv, **13.** leg, **15.** klám, **16.** kær, **19.** at.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## ÓSKAR PÁLL: FÉKK ÁRSLAUN FYRIR SMÁSKÍFU WILL YOUNG

# Var heilinn á bak við söluhæstu smáskífu Bretlands

„Ég man nú ekki hver greiðslan var en þetta hélt mér uppi í heilt ár í London. Og var borgin dýr þá. Umboðsmaðurinn minn sagði að þarna væru árslaunin komin,“ segir Óskar Páll Sveinsson, lagahöfundur og upptökustjóri, en hann var einn af heilunum á bak við söluhæstu smáskífu Bretlands á áratugnum sem var að líða að því er kemur fram í breska blaðinu The Sun. Óskar stjórnaði upptökunum á laginu Anything is Possible sem var lokalagið í fyrstu Idol-keppni Bretlands árið 2002. Will Young fór með sigur af hólmi í þeirri keppni en söngvararnir þrír sem voru í úrslitum sungu allir lagið. Sá sem hins vegar var krýndur popp-idol Bretlands fékk smáskífuna gefna út undir sínu nafni en Anything is Possible seldist í tæpum tveimur milljónum eintaka.

„Ég held að ég hafi fengið þrefalda platínu-plötu fyrir þetta og það gerist nú ekki oft,“ rifjar Óskar Páll upp en hann var á þessum tíma á mála hjá Sony í London. „Þótt ótrúlegt megi virðast þá þekkti ég aðeins til Will Young áður en hann byrjaði í þessari keppni. Hann vann nefnilega sem sendill hjá Sony og ég kannaðist aðeins við hann,“ segir Óskar sem viðurkennir að hann hafi ekki haft mikla trú á því að Will gæti unnið þessa keppni. „Nei, hann var eitthvað svo lítillátur og hógvær að maður trúði því einhvern veginn ekki að hann myndi standa uppi sem sigurvegari.“

Óskar kynntist einnig sjálfum Simon Cowell, hinum eitilharða dómara þáttanna, við upptökur á laginu og þeir unnu saman að nokkrum verkefnum eftir það. „Ég man eftir því að við vorum að klára hljóðblöndun lagsins þegar Simon, Nigel Lythgoe (aðalsprautan og einn af dómurum So you think you can Dance-þáttanna) og einhverjir aðrir komu í stúdíóið, vel við skál. Og þá lék Simon við hvurn sinn fingur og var mjög almennilegur. Hann veit hins vegar alltaf hvað hann vill og ég fékk einmitt mjög gott heilræði frá honum þá sem var: „never overestimate the public“, eða, ekki ofmeta hinn venjulega hlustanda. Við vorum þá að missa okkur í einhverju smáatriði.“

freyrgigja@frettabladid.is

### Í FLOTTUM FÉLAGSSKAP

**Óskar Páll** stjórnaði upptökunum á söluhæstu smáskífu áratugarins í Bretlands en það var sigurlag **Will Young** í Pop Idol 2002. Óskar vann þá náið með hinum eitilharða **Simon Cowell,** sem vissi alltaf hvað hann vildi, og Will en Óskar sagðist ekki hafa haft mikla trú á því að hann gæti sigrað í keppninni.



## FRÉTTIR AF FÓLKI



Eurovisionstjarnan **Jóhanna Guðrún** og Veðurguðinn Ingó komu fram í Söngvakeppni Sjónvarpsins á laugardaginn og tilkynntu um fyrirhugað samstarf. Stefna þau á að halda tónleika á árinu og flytja saman fræga dúetta. Samstarfið hlýtur að teljast afar áhugavert þar sem þau eru bæði gríðarlega vinsæl og skiptu með sér efstu sætunum í undankeppni Eurovision í fyrra. Eki er byrjað að ræða um gerð plötu, en ljóst er að hún myndi seljast eins og ólgandi heitar lummur yrði hún að veruleika.



Og meira um sætar stelpur og fótboltastráka. Nú heyrist að ungfrú Ísland, Skagamærin **Guðrún Dögg Rúnarsdóttir** og hinn bráðefnilegi fótboltakappi Björn Bergmann Sigurðarson, sem leikur með Lilleström í Noregi, hafi fagnað nýja árinu með því að byrja saman. Fótboltakappar hafa þótt lunknir við að næla í fagrar dömur og Guðrún Dögg er vissulega með þeim glæsilegri, enda nýkominn heim frá Suður-Afríku þar sem hún keppti um titilinn Ungfrú heimur.

Guðrún hefur þar með bæst í sístækkandi hóp ofurskutlna sem næla í fótboltakappa. Í hópnum eru margar af glæsilegustu konum landsins, til dæmis Manúela Ósk, sem er gift Grétari Rafni Steinssyni, leikmanni Bolton í ensku úrvalsdeildinni. **Pattra Sriyanonge** sem er trúlofuð Theódóri Elmari, sem leikur með Gautaborg í Svíþjóð. Og ekki má gleyma Kristrúnu Ösp Barkardóttur, sem átti í ástarsambandi við markaskorarann Dwight York, en hann lék á sínum tíma meðal annars með Manchester United.



- afb

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



Þarftu að losa um verðmæti?
**Listmunasala hefur gengið vel undanfarið**
**Erum að taka á móti verkum á næsta listmunauppboð**

LISTMUNASALA fold

Ennfremur erum við sífellt að leita að verkum gömlu meistaranna fyrir viðskiptavini okkar.

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–14

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

# Samningur við þýska útgáfu

Íslenska útgáfufyrirtækið Bedroom Community hefur gert dreifingarsamning við þýska fyrirtækið Kompakt Records.

Samningurinn kveður á um að plötur Bedroom Community komi út víðs vegar um heiminn. „Við vorum með svipaðan samning áður hjá bresku fyrirtæki sem var öllu minni. Þannig að þetta er í rauninni næsta skref upp á við í að reyna að koma plötunum sem víðast,“ segir upptökustjórinn og tónlistarmaðurinn Valgeir Sigurðsson. „Þetta er mjög virt fyrirtæki. Það byrjaði sem dálítið sérhæft teknó-fyrirtæki en á síðustu árum hafa þeir verið að víkka sig talsvert mikið út, sérstaklega í dreifingunni.“ Kompakt er einnig með hljómsveitina Gus Gus á sínum snærum og dreifði nýjustu plötu sveitarinnar erlendis á síðasta ári.

Þrjár fyrstu plöturnar frá Bedroom Community sem Kompakt dreifir eru By the Throat eftir Ben Frost, Draumalandið eftir Valgeir og Processions með Daníel Bjarnasyni. Plata með Sam Amidon er einnig væntanleg, sem margir bíða spenntir eftir, auk þess sem nýtt efni frá Ben Frost og Nico Muhly er í pípunum. - fb



**VALGEIR SIGURÐSSON** Valgeir og félagar í Bedroom Community hafa gert dreifingarsamning við þýska fyrirtækið Kompakt Records. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Skoðaðu dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg
VOLVO
CITROËN
mazda
Ford
1,6i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 08/2007. Ek. 54.500 km.
Verð 2.230.000 kr.
Íslendingaafsláttur 540.000 kr.
Kjörinn bíll 1.690.000 kr.
Ford Transit 280S (NG009)
2,0 dísil 5 gíra 6 dyra.
Skrd. 07/2006. Ek. 57.000 km.
Verð 2.290.000 kr.
Íslendingaafsláttur 500.000 kr.
Kjörinn bíll 1.790.000 kr.
Citroën C5 SX (DH529)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Nálægðarskynjari framan og aftan ofl.
Skrd. 03/2006. Ek. 49.000 km.
Verð 2.390.000 kr.
Íslendingaafsláttur 400.000 kr.
Kjörinn bíll 1.990.000 kr.
Citroën C4 SX (PP605)
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 02/2006. Ek. 26.110 km.
Verð 1.990.000 kr.
Íslendingaafsláttur 300.000 kr.
Kjörinn bíll 1.690.000 kr.
Komdu og skoðaðu betri kjör
Mazda6 Touring (ZG338)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarkrókur ofl.
Skrd. 04/2006. Ek. 52.300 km.
Verð 2.250.000 kr.
Íslendingaafsláttur 380.000 kr.
Kjörinn bíll 1.870.000 kr.
Mazda6 Touring (OT546)
2,0i bensín sjálfskiptur station.
Skrd. 10/2006. Ek. 36.000 km.
Verð 2.550.000 kr.
Íslendingaafsláttur 260.000 kr.
Kjörinn bíll 2.290.000 kr.
Ford Fiesta Trend (LZ465)
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 06/2007. Ek. 48.000 km.
Verð 1.990.000 kr.
Íslendingaafsláttur 150.000 kr.
Kjörinn bíll 1.840.000 kr.
Volvo XC70 SE AWD (RX481)
2,4i D5 dísil sjálfskiptur station.
Rafdr. framsæti, viðarklæðning, bakkskynjari ofl.
Skrd. 08/2006. Ek. 62.000 km.
Verð 5.390.000 kr.
Íslendingaafsláttur 500.000 kr.
Kjörinn bíll 4.890.000 kr.
Ford Focus Trend (NG526)
1,6i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Skrd. 08/2006. Ek. 43.000 km.
Verð 2.290.000 kr.
Íslendingaafsláttur 400.000 kr.
Kjörinn bíll 1.890.000 kr.
Lincoln Navigator Ultimate AWD (YB901)
5,4i V8 bensín sjálfskiptur 8 manna.
Skrd. 09/2006. Ek. 61.000 km.
Verð 5.890.000 kr.
Íslendingaafsláttur 600.000 kr.
Kjörinn bíll 5.290.000 kr.
Volvo S60 SE (LI333)
2,0i Turbo bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Skrd. 02/2006. Ek. 72.000 km.
Verð 3.290.000 kr.
Íslendingaafsláttur 600.000 kr.
Kjörinn bíll 2.690.000 kr.
Volvo S80 SE+ (VZ137)
2,5i Turbo bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Skrd. 10/2006. Ek. 32.000 km.
Verð 4.720.000 kr.
Íslendingaafsláttur 530.000 kr.
Kjörinn bíll 4.190.000 kr.
Citroën C3 SX (RG908)
1,4i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 11/2005. Ek. 96.800 km.
Verð 1.330.000 kr.
Íslendingaafsláttur 340.000 kr.
Kjörinn bíll 990.000 kr
Citroën C4 Saloon Comfort (YF537)
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 02/2006. Ek. 39.700 km.
Verð 2.050.000 kr.
Íslendingaafsláttur 300.000 kr.
Kjörinn bíll 1.750.000 kr.
Ford Explorer XLT Sport AWD (LI518)
4,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra, 7 manna.
Leðuráklæði, 17" álfelgur, dráttarbeisli, hraðastillir ofl.
Skrd. 02/2006. Ek. 98.000 km.
Verð 3.190.000 kr.
Íslendingaafsláttur 500.000 kr.
Kjörinn bíll 2.690.000 kr.
Ford Focus Trend (PN409)
1,6i bensín sjálfskiptur station.
Skrd. 10/2006. Ek. 105.000 km.
Verð 1.920.000 kr.
Íslendingaafsláttur 530.000 kr.
Kjörinn bíll 1.390.000 kr.
Ford Focus Titanium (RY413)
2,0i bensín sjálfskiptur station.
Skrd. 04/2005. Ek. 45.000 km.
Verð 2.290.000 kr.
Íslendingaafsláttur 200.000 kr.
Kjörinn bíll 2.090.000 kr.
Volvo XC90 SE (PO227)
4,4i V8 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 11/2005. Ek. 71.000 km.
Verð 5.990.000 kr.
Íslendingaafsláttur 500.000 kr.
Kjörinn bíll 5.490.000 kr.
Citroën C4 SX (YE989)
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 02/2006. Ek. 45.000 km.
Verð 1.950.000 kr.
Íslendingaafsláttur 360.000 kr.
Kjörinn bíll 1.590.000 kr.
Citroën Xsara Picasso Exclusive (TR376)
1,8i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 11/2005. Ek. 74.610 km.
Verð 2.050.000 kr.
Íslendingaafsláttur 260.000 kr.
Kjörinn bíll 1.790.000 kr.
Ford Escape XLS AWD (ZU506)
2,3i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 12/2004. Ek. 78.000 km.
Verð 2.150.000 kr.
Íslendingaafsláttur 260.000 kr.
Kjörinn bíll 1.890.000 kr.
Ford Transit Connect 220S (MV528)
1,8 dísil 5 gíra 6 dyra.
Skrd. 12/2005. Ek. 51.000 km.
Verð 1.590.000 kr.
Íslendingaafsláttur 300.000 kr.
Kjörinn bíll 1.290.000 kr.
Citroën Berlingo Van (DO114)
2,0HDi dísil 5 gíra 6 dyra.
Skrd. 09/2005. Ek.62.900 km.
Verð 1.370.000 kr.
Íslendingaafsláttur 380.000 kr.
Kjörinn bíll 990.000 kr.
Citroën Berlingo Van (NA604)
1,4i bensín 5 gíra 6 dyra.
Skrd. 03/2004. Ek.82.300 km.
Verð 890.000 kr.
Íslendingaafsláttur 140.000 kr.
Kjörinn bíll 750.000 kr.
stu kjörin í dag
Ford Escape XLT AWD (ZL657)
3,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 11/2005. Ek. 59.000 km.
Verð 2.750.000 kr.
Íslendingaafsláttur 460.000 kr.
Kjörinn bíll 2.290.000 kr.
Citroën C5 SX (JL179)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarkrókur ofl.
Skrd. 10/2005. Ek. 60.050 km.
Verð 2.240.000 kr.
Íslendingaafsláttur 450.000 kr.
Kjörinn bíll 1.790.000 kr.
Citroën C4 Saloon Comfort (PF278)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Nálægðarskynjarar framan og aftan ofl.
Skrd. 01/2006. Ek. 52.410 km.
Verð 2.290.000 kr.
Íslendingaafsláttur 300.000 kr.
Kjörinn bíll 1.990.000 kr.
Komdu í dag. Opið til kl. 18
Mazda Tribute (UA411)
2,3i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Leðuráklæði, dráttarkrókur ofl.
Skrd. 05/2005. Ek. 65.000 km.
Verð 2.490.000 kr.
Íslendingaafsláttur 700.000 kr.
Kjörinn bíll 1.790.000 kr.
Líttu við í kaffi í dag. Komdu. Spjallaðu við sérfræðinga Brimborgar um nýárskjörin.
UA 411
Kauptu bílinn á nýárskjörum í dag
Nýja árið er í Brimborg
Öruggur kjörstaður að vera á.
Vertu í takt við tíðarandann. Vertu frjáls, segðu já við óháðu og frjálsu bílaumboði.
Vertu óháð(ur), segðu nei við óréttlæti. Komdu og skoðaðu kjörin hjá Brimborg
- gerðu bílakaup ársins á sérstökum nýárskjörum. Komdu í kaffi. Alveg kjörið.
Áfram Ísland. Komdu í Brimborg.
frjálst og óháð
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Jogastudio.org

JÓGA Stúdíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Magnús á frumsýningu



**Magnús Scheving**, Íþróttaálfurinn sjálfur, hefur staðið í ströngu að undanförnu. Hann hefur, venju samkvæmt, mörg járn í eldinum og gaf sér tíma frá Latabæjar-fyrirtækinu til að mæta á frumsýningu myndar sinnar, The Spy Next Door, sem skartar sjálfum Jackie Chan í aðalhlutverki. Magnús var myndaður í bak og fyrir á rauða dreglinum á laugardaginn líkt og meðleikarar hans, þau George Lopez, Amber Valletta og Billy Ray Cyrus, faðir unglingastjörnunnar Miley Cyrus.

### Sigurjón í dómnefnd



**Sigurjón Sighvatsson** hefur verið valinn í eina af fjölmörgum dómnefndum Sundance-kvikmyndahátíðarinnar sem fram fer í lok þessa mánaðar. Fjölmargar stórstjörnur hafa verið valdar í hinar og þessar dómnefndir en Sigurjón mun velja bestu alþjóðlegu heimildarmyndina á hátíðinni. Fraser-bróðirinn David Hide Pierce mun síðan kynna niðurstöður dómnefndanna hinn 30. janúar.

### Vinsælasti frasinn

„You ain't seen nothing yet" er á góðri leið með að verða einn vinsælasti frasi íslenskrar stjórnmálasögu. Össur Skarphéðinsson reið á vaðið og tók hin fleygu orð sér í munn þegar hann ögraði Baugsmönnum á sínum tíma. Ólafur Ragnar Grímsson tók svo við keflinu og var ekki í nokkrum vafa um að landvinningum Íslands væri sko alls ekki að ljúka. Og í gær ákvað Steingrímur J. Sigfússon að fylgja í kjölfarið þegar hann lýsti áformum sínum um skattheimtu. Gárungarnir spyrja hvort ekki megi finna Bachman Turner Overdrive-disk þeirra kumpána og rispa hann.

## Mest lesið VISIR.IS

1. Catalina áfram í varðhaldi
2. Pabbi loftbelgsstráksins í grjótið
3. Sparisjóðsstjóri í haldi í átta klukkutíma
4. Steingrímur boðar frekari skattabreytingar
5. Dorrit er sextug í dag





Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.


